

TINNA PÉTURSDÓTTIR

*Auðvelt að skreppa til Rómar frá Lúxemborg*

• ferðir • nám

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

BJARNI HAUKUR

*Setur Grease upp aftur*

Selma Björns í leikstjórastólinn

FÓLK 22









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. janúar 2009 — 13. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


MIÐVIKUDAGUR



**Vettvangur nýrra hugmynda**

Hönnunarmiðstöð Íslands og Innovit stofna Orkuverið í dag.

TÍMAMÓT 12

**Sólskinsdrengur setur met**



Friðrik Þór og Keli hafa mikið aðdráttarafl í kvikmyndahúsum.

FÓLK 16

**Nýtt lýðveldi**

„Endanlega ábyrgð á hruninu bera ríkisstjórn og Alþingi. Þess vegna er íslenska lýðveldið í raun dautt“, skrifar Njörður P. Njarðvík.

Í DAG 10



**Bjartsýnn**

Veigar Páll er kominn til Frakklands og ætlar sér í byrjunarliðið hjá Nancy.

ÍÞRÓTTIR 18

# Óviðunandi ógn við ráðherra

**Lögreglumenn á vettvangi tóku ekki eftir því þegar mótmælandi við Alþingishúsið veittist að forsætisráðherra eftir að hafa stjakað við lögreglumanni. Forseti Alþingis segir tilburðina vera algerlega óviðunandi.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er algerlega óviðunandi framkoma að veitast að þingmönnum, sem eru að sinna sínum störfum, á leið til þinghússins,“ segir Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis.

Í gær reyndi lítill hópur fólks að varna því að ráðherrar gætu gengið til ríkisstjórnarfundar í Alþingishúsinu. Þegar Geir Haarde forsætisráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra bar að gekk lögregla á milli þeirra og mótmælendanna sem hrópuðu að ríkisstjórnin væri vanhæf. Þá upphófust stimpingar. Einn mótmælendanna, ungur karlmaður, gekk út úr röð þeirra, ýtti við lögreglumanni og gekk síðan óáreittur með ógnandi fasi alveg að forsætisráðherra sem stóð fastur fyrir. Enginn lögreglumaður skarst í leikinn.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að svo virðist sem lögreglumennirnir hafi ekki veitt því eftirtekt þegar mótmælandinn dró sig út úr hópnum og gekk að forsætisráðherra. „Lögreglan var auðsjáanlega að einblína á að reyna að opna leið fyrir fólkið inn í þinghúsið,“ segir hann.

Kristján Kristjánsson, fjölmiðlafulltrúi forsætisráðherra, segir ráðherrann ekki vilja tjá sig um atburðinn í gær eða öryggismál yfirhöfuð. Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, hvetur hins vegar menn til hófs og kveðst vona að fólk átti sig á því að slíkir tilburðir þjóni engum málstað.

> Lögreglan var auðsjáanlega að einblína á að reyna að opna leið fyrir fólkið inn í þinghúsið.
>
> **GEIR JÓN ÞÓRISSON**
> YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Aðspurður hvort eftirleiðis verði hert á öryggisgæslu segir Geir Jón að það sé að nokkru komið undir mati þeirra sem ógn beinist að. „Telji þeir sér ógnað er brugðist við í samræmi við það,“ segir yfirlögregluþjónninn sem gefur ekkert uppi um fyrirætlanir lögreglunnar. „Við gefum aldrei upp okkar verkferla. Þá værum við að opna allt upp á gátt.“

Sturla segir enga ákvörðun hafa verið tekna um að óska eftir aukinni öryggisgæslu við þinghúsið. Hann voni að ekki þurfi til þess að koma. „Það er ekkert óeðlilegt við það að almenningur mótmæli og tjái afstöðu sína til þessa alvarlega ástands sem hefur skapast í samfélaginu en við verðum að trúa því að á Íslandi geti áfram verið samfélag þar sem jafnt almenningur sem stjórnvöld eigi gott skjól.“

- gar



**ÞUNG SKREF Í ÁRSBYRJUN** Þau eru þung skrefin í líkamsræktarstöðina í upphafi árs, eftir veislu jólahátíðarinnar. Og eflaust enn þyngri skref sem stigin voru á þessum þrekvélum í World Class í Spönginni í gær. Þá getur verið gott að horfa á sjónvarpið til að dreifa huganum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR SYÐRA Í KVÖLD** Í dag verða suðaustan 5-15 m/s hvassast syðst í kvöld. Snjó- eða slydduél sunnan og vestan til og einnig suðaustan og austan til síðdegis. Frost nyrðra og til landsins.

VEÐUR 4






Gjaldeyrisafleiðusamningar og rannsókn á gengisfalli krónunnar:

# Fleiri áttu að veðja gegn krónu

**VIÐSKIPTI** Bankarnir vörðu eiginfjárstöðu sína með skortstöðum gegn krónu með vitund og vilja Seðlabankans sem skildi vel hvaða nauðsyn lá að baki. Þetta segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Hann segir að fleiri hefðu þurft að veðja gegn krónunni.

Ásgeir telur furðulegar staðhæfingar um að krónan hafi fallið vegna þess að „einhverjir hrappar“ hafi veðjað gegn henni eða að skortstöður gegn krónunni „geti talist einhver sérstök föðurlandssvik“.

Of hátt gengi krónu síðustu fjögur ár var afleiðing af háum stýrivöxtum Seðlabankans, segir Ásgeir. „Eftir á að hyggja má það teljast með ólíkindum, og í rauninni ógæfa, hve lengi gengi krónunnar náði að haldast hátt þrátt fyrir gríðarlegan viðskiptahalla, hækkun erlendra skulda og lækkun á lánshæfi ríkissjóðs. Það fól í sér að þensluskeið var framlengt, fleiri erlendum skuldum var safnað upp og niðursveiflan varð sjálfkrafa harkalegri. Þjóðin lifði einfaldlega um efni fram alltof lengi með því að taka stöður með krónunni.“



GYLFI MAGNÚSSON



ÁSGEIR JÓNSSON

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir þörf á að rannsaka gengisvarnir frekar. Fjármálaeftirlitið rannsakaði gengisfall krónunnar í vor, en sá ekki að lög hefðu verði brotin.

- óká, ikh / sjá Markaðinn

100 dagar frá neyðarlögum:

# Enginn hefur enn sagt af sér

**EFNAHAGSMÁL Hundrað dagar eru í dag síðan neyðarlög voru sett á Alþingi vegna hruns bankakerfisins. Af því tilefni leitaði Fréttablaðið viðbragða nokkurra einstaklinga um hvernig til hefur tekist.**

**Allir eru sammála um að ótækt sé að enginn hafi sætt ábyrgð og sagt af sér. Það skaði trúverðugleika stjórnkerfisins. „Íslendingar standa í rústum fjárhagslegs Tsérnóbyls. Enginn axlar ábyrgð sem rýrir álit þjóðarinnar og traust í augum umheimsins,“ segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur.**

**„Að láta eins og kosningar geti bara verið á fjögurra ára fresti er fokkjú merki framan í lýðræðið. Alger forsendubrestur hefur orðið frá síðustu alþingiskosningum,“ segir Katrín Oddsdóttir laganemi.**

- kóp / sjá síðu 8




## SPURNING DAGSINS



*Bubbi, ertu að bíða eftir að Bó segi gó?*

„Já, fyrir Bubba er nóg að Bó segi gó.“

Bubbi Morthens sagði í Fréttablaðinu í gær að það væri til umræðu að hann og Björgvin Halldórsson, sem eitt sinn notaði listamannsnafnið Bo, héldu tónleika saman. Bubbi sagði enn fremur að ekki væri búið að fastnegla nokkuð enn þá.

Ráðherrar funda með bankaráðherrum og Landsbankastjóri hyggst hætta:

# Störf ríkisbankastjóra auglýst

**STJÓRNSÝSLA** Bankaráð ríkisviðskiptabankanna þriggja munu auglýsa störf bankastjóra. Þetta var ákveðið á fundi formanna bankaráðanna með Árna Mathiesen fjármálaráðherra og Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra í gær.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings, segist ætla að sækja um starf sitt aftur. „Það var nefnt þegar bankarnir fóru í gang að eðlilegt væri að auglýsa þessi störf. Í sjálfu sér kemur það ekkert á óvart að það skuli gert á einhverjum tímapunkti en hver sá tímapunktur á að vera er kannski umdeilanlegt,“ segir Finnur sem bendir á að nokkrir framkvæmdastjórar hjá Kaupþingi hafi hætt um áramótin. Störf tveggja hefðu þegar verið auglýst og „mýgrútur“ umsókna borist.



**ELÍN SIGFÚSDÓTTIR** Ætlar ekki að sækja um starf bankastjóra í Landsbankanum.

Elín Sigfúsdóttir hyggst hætta sem bankastjóri Landsbankans, að því er fram kom á visir.is í gær. Ekki náðist í Birnu Einarsdóttur bankastjóra Glitnis.

Sagt hefur verið að ríkisvæddu bankarnir kunni að verða gjaldþrota líkt og forverarnir.

„Þessar vangaveltur komu upp vegna þess að útlán bankanna til fólks og fyrirtækja væru að miklu leyti í erlendri mynt en á móti væri fjármögnun þeirra eingöngu í íslenskum krónum. Þetta er alveg rétt en það eru í gangi viðræður milli bankanna og Seðlabanka Íslands um að gera svokallað gjaldeyrisskiptasamninga sem þýðir að það er hægt að jafna þessa áhættu,“ segir bankastjóri Kaupþings. **- gar**

Kórastyrkir í Hafnarfirði:

# Skólar fá ekkert í krepputíðinni

**MENNING Kór Öldutúnsskóla og Kór Flensborgarskóla verða skildir eftir á þessu ári þegar kemur að úthlutun styrkja úr bæjarsjóði í Hafnarfirði.**

**Menningarnefnd hefur minna fé á þessu ári en í fyrra og segir ekki unnt að styrkja starfsemi einstakra skóla þótt kórarnir séu stórir í menningarsögu bæjarins. Kórar sem verða styrktir eru Karlakórinn Þrestir, Kvennakór Hafnarfjarðar, Óperukór Hafnarfjarðar og Lúðrasveit Hafnarfjarðar sem fá 400 þúsund krónur. Kammerkór Hafnarfjarðar, Kór eldri Þrasta og Gaflarakórinn fá 300 þúsund hver.** **- gar**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Vildi ráða Sigurbjörgu heilt

**STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segist hafa komið þeim skilaboðum til Sigurbjargar Sigurgeirsdóttur stjórnsýslufræðings að nálgast ræðu sína á borgarafundi í Háskólabíói í fyrrakvöld af varfærni og gæta þess að ganga ekki á faglegan heiður sinn. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Ingibjörg Sólrún sendi frá Stokkhólmi í gærkvöldi.**

**„Ég er sannfærð um að Sigurbjörg veit að þetta voru ráð af góðum huga gefin og mér þykir leitt að lagt hafi verið út af þeim eins og um ógnandi tilmæli frá ráðherra væri að ræða,“ segir í tilkynningunni frá Ingibjörgu.**

**Sigurbjörg segist aldrei hafa talað um hótanir heldur hafi verið ráðlagt að tala varlega. Skilaboðin hafi borist í gegnum þriðja aðila. Annars tjái hún sig ekki frekar.** **- kg**

Rannsókn á bankahruni:

# Ólafur skipaður saksóknari

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sýslumaður á Akranesi, var í gær skipaður sérstakur saksóknari.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Hann mun veita forystu rannsóknar- og saksóknaraembætti sem rannsaka á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar bankahrunsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, fól Ólafi starfið að höfðu samráði við fulltrúa allra þingflokka í allsherjarnefnd Alþingis. **- kg**

# Ofurvextirnir óþarfir með gjaldeyrishöftum

**Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir háa vexti á góðri leið með að drepa atvinnulíf og heimili. Hann undrast að tvöfaldar varnir þurfi til að halda peningum í landi. Á þriðja hundrað bættust á skrá yfir atvinnulausa í gær.**

**ATVINNUMÁL** „Ég get tekið undir að fátt handfast sé í pípunum. Hvorki hefur verið tilkynnt um framkvæmdir né væntanleg útboð,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Hann samsinnir orðum formanna fimm verkalýðsfélaga sem í Fréttablaðinu í gær átöldu aðgerðaleysi stjórnvalda í atvinnumálum og rukkuðu þau um efndir fyrirheita um að ráðist verði í mannaflsfrekar atvinnuskapandi aðgerðir.

Ríkisstjórnin ákvað í byrjun desember að leggja sérstaka áherslu á slíkar aðgerðir. Ekki hafa allar gjörðir hennar bent í sömu átt. Skömmu fyrir jól ákvað ríkisstjórnin að lækka framlög til nýframkvæmda í vegagerð um fimm milljarða frá því sem fyrirhugað var í fjárlagafrumvarpinu í haust. Og vinna við byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss – sem um 300 starfa að – liggur niðri vegna óvissu.



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

Á hinn bóginn hefur iðnaðarráðherra greitt fyrir framkvæmdum við álver í Helguvík sem, að hans mati, mun skapa um 2.500 störf á framkvæmdatímanum.

Jón Steindór segir næg verkefni til að ráðast í. Bæta megi samgöngur, reisa mannvirki og ekki síst sinna viðhaldi sem setið hafi á hakanum undanfarin ár. Þó beri að forðast nýframkvæmdir sem í framhaldinu kalli á opinbert rekstrarfé.



**ALLT STOPP** Ekki hefur verið unnið að byggingu Tónlistarhússins síðustu daga og óvíst um framhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auk þess að gagnrýna stjórnvöld fyrir að tilgreina ekki í hvaða verk á að ráðast og hvernig standa beri að þeim harmar Jón Steindór háa stýrivexti Seðlabankans og segir þá á góðri leið með að drepa bæði atvinnulífið og heimilin. „Það þarf handfasta áætlun um að lækka vextina en slíka stefnumörkun virðist alveg skorta. Í það minnsta er hún ekki opinber.“ Engin teikn séu sjáanleg um að vextirnir verði lækkaðir í bráð sem sé furðulegt þar sem þess sé gætt með tvöföldum hætti að peningar fari ekki úr landi. „Vextirnir eru hafðir háir af því að verðbólgan er há og líka af því að við erum að passa að peningar fari ekki úr landi. Á sama tíma erum við með gjaldeyrishöft svo menn komast ekki með peninga í burtu. Það getur ekki þurft að gera hvort tveggja í senn. Hvort tveggja er vont en af tvennu illu er skárra að hafa höftin en lækka þá vextina.“

Í gær fjölgaði um næstum þrjú hundruð manns á skrá Vinnumálastofnunar yfir atvinnulausa. Alls voru 10.897 skráðir atvinnulausir síðdegis í gær; tæplega sjö þúsund karlar og rúmlega fjögur þúsund konur.

Þá greindi stofnunin frá því að atvinnuleysi hefði aukist um 45 prósent frá nóvember til desember. Atvinnuleysið hefur ekki verið jafn mikið síðan 1997. **bjorn@frettabladid.is**

### MANNAFLSFREKAR OG ATVINNUSKAPANDI

Lögð verði sérstök áhersla á mannaflsfrekar atvinnuskapandi aðgerðir á vegum ríkisins. Leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög um tímasetningu framkvæmda með það fyrir augum að standa vörð um atvinnu fólks og auka hagkvæmni.

*Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja frá 2. desember.*



**FUNDUR** Geir H. Haarde hitti Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, í Brussel í febrúar 2008. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðstefna um öryggismál:

# Framkvæmdastjóri NATO væntanlegur

**UTANRÍKISMÁL** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO), er væntanlegur hingað til lands á ráðstefnu um öryggismál á norðurslóðum í lok janúar.

Auk Scheffers eru utanríkisráðherra Noregs og varnarmálaráðherra Danmerkur væntanlegir á ráðstefnuna, segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

NATO ber helminginn af kostnaði ráðstefnunnar, en hún mun kosta íslensk stjórnvöld um fimm milljónir króna. **- bj**

Tæplega tvítugir ákærðir:

# Meiðingar og líflátshótanir

**DÓMSMÁL Tveir tæplega tvítugir menn hafa verið ákærðir fyrir fíkniefnabrot og hótanir í garð lögreglumanns.**

**Annar var með lítilræði af tóbaksblönduðu hassi sem fannst á salerni íbúðar. Hinn var tekinn með hass í jakkavasanum.**

**Sá fyrrnefndi hótaði síðan rannsóknarlögreglumanni, sem var við störf, líkamsmeiðingum og lífláti. Sá piltur var til vara ákærður fyrir ærumeiðingar í garð opinbers starfsmanns.** **- jss**


Xerodent
Við munnþurrki




**Þreföld virkni Xerodents**
- Eplasýra – örvar munnvatnsframleiðslu
- Flúor – ver tennurnar gegn skemmdum
- Xylitol – hemur bakteríuvöxt í munni

**Xerodent 28,6 mg/0,25 mg munnsogstöflur.**
**Notkunarsvið og skömmtun:** Hver tafla inniheldur eplasýru 28,6 mg og natríumflúoríð samsvarandi 0,25 mg af flúor. Xerodent er lyf til varnar tannskemmdum notað við meðhöndlun einkenna vegna munnþurrks og fyrirbyggjandi við tannskemmdum hjá sjúklingum með munnþurrk.
**Skammtastærðir fyrir fullorðna:** 1 tafla eftir þörfum, venjulega 6 sinnum á dag. Við mikinn munnþurrk má auka skammtinn í 12 töflur á dag í takmarkaðan tíma. Töfluna á að láta bráðna hægt í munni. Dreifa skal skammtinum jafnt yfir daginn.
**Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna ættu ekki að nota Xerodent. Við meðhöndlun með Xerodent skal forðast að nota önnur lyf sem innihalda flúor. Xerodent má ekki nota á landsvæðum þar sem flúorinnihald drykkjarvatns er hátt. Vegna þess að Xerodent inniheldur xylitól getur það haft hægðalosandi verkun.
**Meðganga/brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta við notkun á meðgöngu. Natríumflúoríð skilst ekki út í brjóstamjólk. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Actavis Group hf. 29. nóvember 2007.


Lífeyrissjóðir vita ekki hver staða sjóðanna er fyrr en eftir uppgjör í lok febrúar:

# Greiðslur ekki skertar í bili

**KJARAMÁL** Ekki er ljóst hvort skerða þarf lífeyrisgreiðslur vegna áhrifa bankakreppunnar á lífeyrissjóðina. Ákvörðun um hvort greiðslur skerðast verður ekki tekin fyrr en í byrjun mars, segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

„Það er of snemmt að segja til um þetta núna, lífeyrissjóðirnir bíða eftir tryggingafræðilegu uppgjöri,“ segir Hrafn. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að uppgjöri á stöðu lífeyrissjóðanna yrði skilað í lok febrúar, en því er venjulega skilað um mitt ár.

Hrafn segir því ljóst að greiðslur vegna janúar og febrúar verði ekki skertar, og trúlega ekki vegna mars heldur. Hvað svo gerist velti á uppgjörinu.

„Við vitum eiginlega ekki hver staðan er, það fer líka eftir því hvernig eignir sjóðanna í fyrirtækjum og bankabréfum eru metnar,“ segir Hrafn.

Alþingi hækkaði vikmörk lífeyrissjóðanna um helming fyrir árið 2009. Áður máttu skuldbindingar lífeyrissjóðanna ekki fara yfir tíu prósent af eign sjóðanna. Gerðist það þurfti að skerða lífeyrinn. Á þessu ári er þeim heimilt að fara í fimmtán prósent án þess að skerða greiðslur, segir Hrafn.

Hrein eign lífeyrissjóðanna rýrnaði um ellefu prósent frá upphafi síðasta árs til nóvemberloka. **- bj**



**BIÐSTAÐA** Ekki verður ákveðið hvort greiðslur lífeyrissjóðanna skerðast fyrr en í mars, þegar uppgjöri á þeim lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 44718 01/09






## ÞAÐ VAR SVONA SEM VIÐ HUGSUÐUM ÞAÐ

ECONOMY COMFORT:

## SETTU TÖLVUNA Í SAMBAND OG LÁTTU FARA VEL UM ÞIG



Við þekkjum öll tilfinninguna að koma heim. Setjast í stólinn sinn eða sófann, kveikja á lampanum, sjónvarpinu, tölvunni eða taka upp bók.

Það var þessi tilfinning sem við höfðum í huga við breytingar á flugflota Icelandair. Við bjóðum nýtt farrými, Economy Comfort, sem hentar fólki sem gerir meiri kröfur um góða vinnuaðstöðu og þjónustu.

Við fækkuðum um eina sætaröð svo að nú er rýmra um alla farþega. Á öllum farrýmum eru ný leðursæti og nýtt afþreyingarkerfi þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum.

Það var þannig sem við hugsuðum það.
Verið velkomin um borð.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

+ Skoðaðu á meira.icelandair.is

ICELANDAIR

## GENGIÐ 13.01.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,83 | 126,43 |
| Sterlingspund | 184,28 | 185,18 |
| Evra | 167,52 | 168,46 |
| Dönsk króna | 22,478 | 22,610 |
| Norsk króna | 17,768 | 17,872 |
| Sænsk króna | 15,385 | 15,475 |
| Japanskt jen | 1,4103 | 1,4185 |
| SDR | 190,72 | 191,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,7855

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árásir Ísraela á Gaza kostuðu tugi manna lífið í gær:

# Barist í íbúðahverfum Gaza

**GAZABORG, AP** Skelfingu lostnir íbúar Gazaborgar reyndu að komast í skjól þegar byssubardagar geisuðu og sprengjum rigndi yfir þéttbýl íbúðahverfi borgarinnar í gær.

Ísraelsher réðst inn í Tel Hawwa-hverfið og barðist þar við vopnaða liðsmenn Hamas-hreyfingarinnar og annarra herskárra sveita Palestínumanna.

Hátt í þúsund manns hafa látið lífið í árásum Ísraela síðustu 19 daga. Um helmingur þeirra var almennir borgarar, þar af hundruð á barnsaldri.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hélt af stað til Mið-Austurlanda í gær til að þrýsta á um að samið verði um vopnahlé. „Ég segi við báða aðila: Hættið þessu bara, núna,“ sagði Ban á blaðamannafundi á mánudag. „Allt of margir hafa dáið.“ Ban ætlar þó hvorki að fara inn á Gazasvæðið né ræða við fulltrúa Hamas.

Alþjóðlegur þrýstingur bæði á Ísrela og Hamas hefur til þessa engan árangur borið.

Ísraelar segjast ekki ætla að hætta miskunnarlausum árásum sínum fyrr en tryggt sé að Hamas hætti að skjóta sprengiflaugum á Ísrael, en Hamas gerir enn kröfu um að landamæri Gaza verði opnuð. - gb



**SPRENGING Í RAFAH** Ísraelar spara ekki sprengikraftinn þótt ráðist sé á þéttbýl íbúðarhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Doktor Jón Daníelsson:

## Fyrir breska þingnefnd

**EFNAHAGSMÁL** Dr. Jón Daníelsson, hagfræðingur við London School of Economics, var í gær kallaður fyrir breska þingnefnd sem fjalla á um bresku bankakrísuna.

Sagði Jón nefndinni meðal annars að hann teldi að ekki væri hægt að komast hjá efnahagsbólum sem síðar myndu springa. Þá væri það galli innan bankakerfisins að líta á fjármálakerfið eins og verkfræðiferli, þar sem það tæki ekki tillit til viðbragða fólks. Því væri minnst að marka áhættumódel sem studst væri við, þegar mest þyrfti á því að halda. Mestu máli skipti væri góð stjórnun fjármálafyrirtækja. - ss



**Á FUND UTANRÍKISNEFNDAR** Christopher Dodd og John Kerry, formaður nefndarinnar, ásamt Hillary Clinton. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hillary Clinton yfirheyrð:

## Segist forðast ósveigjanleika

**BANDARÍKIN, AP** „Bandaríkin geta ekki leyst brýnustu vandamálin upp á eigin spýtur, en heimurinn getur heldur ekki leyst þau án Bandaríkjanna,“ sagði Hillary Clinton, verðandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þegar hún mætti í yfirheyrslu hjá utanríkismálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í gær.

Eins og aðrir ráðherrar í væntanlegri ríkisstjórn Baracks Obama þarf hún staðfestingu öldungadeildar áður en hún getur tekið við embættinu.

Hún sagðist ætla að forðast „ósveigjanlega hugmyndafræði“ í utanríkisstefnu sinni. - gb

### HEILBRIGÐISMÁL

**Tugir með nóróveiru**

Þrjátíu og fjórir einstaklingar, börn og fullorðnir, greindust með nóróveirusýkingu í síðastliðnum mánuði, að því er fram kemur í Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins.

### LEIÐRÉTTING

Marsibil Sæmundardóttir varaborgarfulltrúi var rangtitluð í blaðinu í gær.

# Prófessorar æfir yfir aukinni kennslu

**Háskólinn eykur kennsluskyldu prófessora og minnkar rannsóknarskyldu. Kennsluskyldan tvöfalt meiri en í sambærilegum skólum í Skandinavíu. Prófessorar telja allar byrðarnar settar á einn hóp og kanna meint lögbrot.**

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands hefur ákveðið að auka kennsluskyldu kennara og minnka rannsóknarskyldu þeirra. Með þessu móti ætlar skólinn að spara 120 milljónir á þessu ári og kemur það fyrst og fremst niður á prófessorum. Prófessorar ætla að kanna hvort lög hafi verið brotin.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir að háskólinn hafi stækkað um þriðjung frá því í haust. Skólinn þurfi á starfsmönnum sínum að halda til að geta þjónað stúdentum þannig að ekki verði um uppsagnir að ræða. Hins vegar verði gripið til annarra aðgerða. Áformum vegna rannsóknarsamnings við stjórnvöld verði að hluta frestað og ekki ráðið í tuttugu ný störf eins og fyrirhugað.

„Tilfærslur verða á starfsskyldum hjá ákveðnum hópum. Við erum að endurskoða fastlaunasamninga og yfirvinnugreiðslur. Það verða breytingar á högum fólks og við tökum öll þátt í þessu, rektor, starfsfólk í stjórnsýslu og kennarar,“ segir Kristín og telur að staðið sé vörð um störfin, gæði kennslu, rannsóknaáherslur og stefnu skólans.

Kennsluskyldan eykst og rannsóknarskyldan minnkar hjá kennurum, einkum prófessorum. Misjafnt er eftir aldri og afköstum hversu mikið þetta er. „Þetta eru talsvert margir, sennilega 150 manns. Við skerum niður um 120 milljónir með þessum tilfærslum,“ segir Kristín.

Prófessorum líst afar illa á aukna kennsluskyldu og hafa mótmælt breytingunni. Gísli Már Gíslason, formaður Félags prófessora, bendir á að ekki sé eðlilegt að allar byrðarnar séu settar á einn starfshóp, hátt í 200 einstaklinga af um 1.000 föstum starfsmönnum háskólans. Kennsluskylda prófessora verði nú tvöfalt meiri en í þeim skandinavísku háskólum sem Háskóli Íslands vilji bera sig saman við.

„Svo finnst okkur líka óeðlilegt að það er ekki rætt við okkur á sama tíma og samið er við aðra kennara um að falla frá aldursreglunni og kennsluskylda þeirra almennt minnkuð,“ segir hann.

Gísli bendir á að prófessorar hafi fengið bréf frá rektor 28. desember um að nýja fyrirkomulagið tæki gildi eftir þrjá daga, 1. janúar. „Það er með ólíkindum hvernig staðið er að þessu. Við erum ekki ánægðir með þetta og munum í kjölfarið eiga viðræður við lögmenn til að kanna hvort þetta standist lög,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**DREGIÐ ÚR KOSTNAÐI** Háskóli Íslands endurskoðar fastlaunasamninga og yfirvinnu og eykur kennsluskyldu hjá prófessorum. Þá verður ekki ráðið í tuttugu nýjar stöður eins og fyrirhugað var, ferðakostnaður dregst saman og tækjakostnaður minnkar.



**NIÐUR UM 120 MILLJÓNIR** „Við skerum niður um 120 milljónir með þessum tilfærslum,“ segir Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor.



**EKKI RÆTT VIÐ OKKUR** „Svo finnst okkur líka óeðlilegt að það er ekki rætt við okkur á sama tíma,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði og formaður Félags prófessora.



**OLEH DUBYNA** Formaður úkraínsku orkuveitunnar Naftogaz á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilur um Rússagasið:

## Ásakanirnar ganga á víxl

**ÚKRAÍNA, AP** Rússar og Úkraínumenn eru engan veginn hættir þrasi sínu um gas, þótt Rússar hafi skrúfað frá krönunum í gærmorgun.

Fljótlega eftir að skrúfað var frá sökuðu Rússar Úkraínumenn um að hindra gasstreymið til Evrópuríkja, en skömmu síðar komu Úkraínumenn á móti með þá ásökun á hendur Rússum, að þeir hefðu reynt að senda gasið, sem ætlað er Evrópuríkjum, í gegnum Úkraínu eftir leiðslum sem ómögulegt er að nota nema minnka fyrst gasstreymi til heimanotkunar í Úkraínu. - gb

Norskir ESB-andstæðingar:

## Ræða hugsanlega inngöngu

**STJÓRNMÁL** Tvær sendinefndir á vegum norskra stjórnmálaflokka eru staddar hérlendis til að kynna sér efnahagsástandið, ræða hugsanlega inngöngu Íslands í ESB. Í báðum tilvikum er um ESB-andstæðinga að ræða, SP, systurflokk Framsóknarflokksins, og SV, sósíalíska vinstrihreyfingu, systurflokk Vinstri-grænna.

Þingmennirnir Áslaug Haga, fyrrverandi formaður Miðflokksins, og Per Olaf Lundteigen fara fyrir sendinefndinni Miðflokksins. Þau hittu Valgerði Sverrisdóttur, formann Framsóknarflokksins, Siv Friðleifsdóttur og Magnús Stefánsson í gær. - ghs




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**LÆGÐIN Í KVÖLD**

Með kvöldinu nálgast myndarleg lægð með vind og úrkomu en áhrifa hennar fer vart að gæta inni á landinu svo heitið geti, fyrr en á fimmtudagsmorgun. Þá má gera ráð fyrir að það verði kominn suðaustan stormur við suðausturströndina með mikill snjókomu og síðar slyddu og rigningu við ströndina. Úrkomuloftið gengur svo yfir landið og þá yfirleitt sem snjókoma.



**Á MORGUN** 8-23 m/s hvassast um hádegi, sunnan og suðaustan til.

**FÖSTUDAGUR** Breytileg átt, 5-10 m/s.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 0° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 7° |
| New York | -4° |
| Orlando | 17° |
| Osló | -1° |
| París | 5° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

## KJÖRKASSINN



*Er í lagi að fyrirtæki misnoti atvinnuleysisbætur?*

| | |
|---|---|
| Já | 4,8% |
| Nei | 95,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú á vanskilaskrá?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Forseti ASÍ sammála gagnrýni Roberts Wade á fálmkennd viðbrögð stjórnvalda við kreppunni:

# Ákvarðanir of handahófskenndar

**EFNAHAGSMÁL** „Ég skal alveg viðurkenna það að ríkisstjórnin hefur tekið margar skynsamlegar ákvarðanir á undanförnum mánuðum, en þessar ákvarðanir eru ekki í neinu samhengi. Það er þetta samhengisleysi sem Robert Wade og fleiri eru að gagnrýna. Það þarf að setjast niður og búa til heildaráætlun en ekki grípa sífellt til handahófskenndra ákvarðana,“ segir Gylfi Arngrímsson, forseti ASÍ. Robert Wade, hagfræðingur og prófessor við London School of Economics, sagði í ræðu sinni á opnum borgarafundi í Háskólabíói í fyrrakvöld að viðbrögð ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans við fjármálakreppunni hingað til virtust fálmkennd.

Wade sagði einnig nauðsynlegt að grípa umsvifalaust til aðgerða til að endurheimta orðspor þjóðarinnar, meðal annars með því að víkja seðlabankastjóra úr starfi og forsætisráðherra biðji þjóðina afsökunar á ástandinu. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir stefnu Seðlabankans skipta meiru en hvaða einstaklingur sé seðlabankastjóri. „Ef menn gera mistök er aðalmálið að gera sér grein fyrir því og breyta um stefnu, hvort sem menn kalla það afsökunarbeiðni, að læra af reynslunni eða hvað,“ segir Vilhjálmur.

Gylfi Arnbjörnsson segir ASÍ hafa fundað sérstaklega með forætisráðherra til að gera honum grein fyrir því að engin önnur leið sé fær en að ríkisstjórnin stokki upp í sínum röðum, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. „Ef einhver vinnufriður á að nást verður að byggja upp ímyndina,“ segir Gylfi.

Fulltrúar forsætisráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins funda með Wade í dag. **- kg**



**BORGARAFUNDUR** Ræða Roberts Wade í Háskólabíói í fyrrakvöld vakti mikil viðbrögð fundargesta og fleiri.

## SVISS

### Greiða atkvæði um ESB

Svisslendingar kjósa í næsta mánuði um hvort framlengja eigi tvíhliða samning við Evrópusambandið um frjálsa för fólks og hvort víkka eigi út samninginn, þannig að hann nái einnig til Búlgaríu og Rúmeníu. Svissneski þjóðarflokkurinn berst af hörku gegn framlengingu samningsins.

## VERSLUN

### Samdráttur í desember

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 10,4 prósent í desember miðað við sama mánuð í fyrra. Á breytilegu verðlagi jókst veltan um 18,2 prósent. Í þessu felst að jólaverslunin minnkaði að raunvirði þótt neytendur hafi varið fleiri krónum til innkaupanna en áður, samkvæmt tilkynningu Rannsóknarseturs verslunarinnar.

# Reglur Seðlabanka framar tollalögum

**Niðurstaða tollstjóra er að farið skuli að reglum Seðlabanka Íslands hvað varðar hámark á gjaldeyri sem ferðamenn mega taka með sér úr landi, en ekki ákvæði í almennum tollalögum. Óvissa ríkir um meðferð brotamála.**

**GJALDEYRISMÁL** „Þetta mál var skoðað hjá okkur og niðurstaða okkar varð sú að við myndum fara að fyrirmælum Seðlabankans.“

Þetta segir Snorri Olsen tollstjóri, spurður um hvort ferðamanni sé heimilt að fara með allt að 500 þúsund krónur í gjaldeyri úr landi eða 10.000 evrur, sem jafngilda um 1,7 milljónum króna.

Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands frá 28. nóvember er óheimilt að fara með meira en 500 þúsund krónur úr landi. Reglurnar eru grundvallaðar á lögum um gjaldeyrismál einnig frá 28. nóvember.

Í ákvæði tollalaga um gjaldeyrisflutninga úr landi er hámark fjárhæðar 10.000 evrur, eða 1,7 milljónir, sem ferðamenn mega hafa með sér úr landi, ella skulu þeir „ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð“ en sem því nemur. Umrætt ákvæði var sett í lög frá Alþingi 20. desember síðastliðinn.

Nokkrir þar til bærir viðmælendur Fréttablaðsins telja að nýrri lagasetningin gildi umfram reglur SÍ, auk þess sem almenn landslög gangi framar regluverki fjármálastofnunar. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson færði fyrir skemmstu rök fyrir því í grein í Fréttablaðinu að tollalögin skyldu gilda.

„Eftir að það komst í umræðuna að um andstæð lög og reglur væri að ræða, ræddum við þetta við Tollstjórann í Reykjavík,“ sagði Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, þegar Fréttablaðið ræddi við hana í fyrradag. „Hann er að skoða þetta fyrir okkur. Í fljótu bragði séð eru þetta sjálfstæð ákvæði hvort fyrir sig. Ákvæði gjaldeyrislaganna sem Seðlabankinn fer eftir gengur framar tollalögum sem ekki skapa neina sérstaka heimild.“ Tollstjóri bendir á að annars vegar sé um að ræða reglur vegna gjaldeyrishafta og hins vegar lög til að hamla gegn peningaþvætti.

Spurður um meðferð mála sem upp kunni að koma reyni fólk að fara með meira en 500 þúsund úr landi segir Snorri að engin fyrirmæli þar að lútandi hafi borist frá Seðlabankanum.

„Lögfræðideild embættisins er að skoða hvernig bregðast skuli við broti á umræddri hámarksreglu,“ segir hann. „Því á eftir að setja út nánari fyrirmæli til tollgæslunnar um hvernig eigi með slík brot að fara. Við færum aldrei með rannsókn slíks máls. Við frumrannsökum einungis hrein og klár brot á tollalögum, til að mynda varðandi fíkniefna- og vopnasmygl.“ **jss@frettabladid.is**



**GJALDEYRISFLUTNINGAR** Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands frá 28. nóvember er óheimilt að fara með meira en 500 þúsund krónur úr landi. Í ákvæði tollalaga um gjaldeyrisflutninga úr landi frá 20. desember er hámark fjárhæðar 10.000 evrur, eða 1,7 milljónir, sem ferðamenn mega hafa með sér úr landi, ella skulu þeir „ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð“ en sem því nemur.

Peningar teknir af konu eftir skoðun tollvarða í Leifsstöð:

## Vildi burt með 65 þúsund evrur

Íslensk kona hugðist fara með 65 þúsund evrur, sem jafngiltu þá tólf milljónum króna, úr landi fyrir jólin, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Evrurnar fundust í tösku konunnar við skoðun tollvarða í Leifsstöð. Stærstur hluti peninganna var haldlagður, meðan lögregla athugaði málið, en konunni heimilað að fara með afganginn úr landi. Hún fékk svo fjármunina aftur í hendur þegar hún kom heim.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, staðfesti þetta við Fréttablaðið. Spurð um stöðu málins nú sagði hún að framhald þess væri til skoðunar hjá lögreglu. **- jss**

Stöður lífeyrissjóða, útvegs- og iðnfyrirtækja með krónunni í afleiðusamningum:

# Tap rúmir 100 milljarðar króna

**VIÐSKIPTI** „Við höfum metið það þannig að tapstaðan væri rúmir hundrað milljarðar króna,“ segir Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og vísar til afleiðusamninga sem lífeyrissjóðir, útvegur og iðnfyrirtæki gerðu. Þeir hafi tekið stöðu sem miðist við gengisvísitölu á bilinu 140 til 160.

Arnar segir að þegar við bankahrun hafi verið reynt að ná samningum um uppgjör afleiðusamninganna. Það hafi ekki orðið.

„Það er gríðarlega mikilvægt að hægt sé að ljúka þessu uppgjöri,“ segir hann.



**GUNNAR PÁLL PÁLSSON**



**ARNAR SIGURMUNDSSON**

Fram hefur komið að bankarnir þrír tóku stórar stöður gegn krónunni. Að sögn í því skyni að verja eigið fé sitt fyrir falli krónunnar. Einnig tóku eignarhaldsfélög sem áttu stóra hluti í bönkunum, eins og Kjalar og Exista, sem áttu stóra hluti í Kaupþingi, stórar stöður.

Þar mun hafa orðið mikill hagnaður af samningunum, ólíkt því sem virðist gilda um aðra en fjármálafyrirtæki.

Arnar Sigurmundsson segir að sér hafi ekki verið kunnugt um stöðutökur annarra.

„Við vissum að bankinn [Kaupþing] var með gjaldeyrisvarnir,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, sem sat í stjórn Kaupþings sem fulltrúi Lífeyrissjóða. **- ikh**









**- ástvinir lifa í skugga áfalls og góðir vinir styrkja vin til bata**

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

**40** **milljónir á mánuði 2009**

**DRÖGUM Í DAG**

**35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**FRÉTTASKÝRING:** Hundrað dagar frá neyðarlögum

# Enginn axlar ábyrgð og ýmis tækifæri eru ónýtt

**Hundrað dagar eru liðnir síðan neyðarlögin voru sett í kjölfar bankahruns. Viðmælendur Fréttablaðsins segja alvarlegt að enginn hafi axlað ábyrgð. Ýmislegt hafi áorkast en mörg tækifæri hafi farið forgörðum. Skýrari áætlun vanti frá stjórnvöldum um hvert er stefnt.**

„Guð blessi Ísland.“ Þannig lauk Geir H. Haarde ávarpi sínu til Íslendinga í beinni sjónvarpsútsendingu fyrir 100 dögum. Viku fyrr hafði ríkið tekið yfir 75 prósent af Glitni og sögðu ráðamenn það gert til að bjarga honum frá falli. Daginn eftir neyðarlögin yfirtók Fjármálaeftirlitið Glitni og Landsbankann og ný félög voru stofnuð um starfsemi þeirra. Kaupþing fór sömu leið 10. október og algjört hrun íslensks fjármálakerfis var staðreynd.

Fjármálakreppan er vissulega alþjóðleg, en engum blöðum er um það að fletta að ekkert land hefur orðið eins illa úti í henni og Ísland. Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða á þessum 100 dögum. Margir telja það afrek að bankakerfið hafi starfað, þó með ákveðnum takmörkunum. Aðrir gagnrýna stjórnvöld fyrir aðgerðir þeirra og aðgerðaleysi. Þúsundir hafa mótmælt á Austurvelli á fjórtán fundum, átta sinnum hafa verið haldnir opnir borgarafundir, fyrst í Iðnó og síðan í Háskólabíói, fyrir fullu húsi og ýmis önnur mótmæli hafa verið haldin. Ljóst er að reiði almennings er mikil og kallað er eftir ábyrgð. Því kalli hefur ekki verið svarað ennþá.

Fréttablaðið leitaði til þriggja hagfræðinga, Ólafs Ísleifssonar, Gylfa Magnússonar og Lilju Mósesdóttur til að líta yfir þessa 100 daga og meta árangurinn. Sigurður Bessason formaður Eflingar, fer einnig yfir stöðuna og ein þeirra sem haft hefur sig í frammi við mótmæli, Katrín Oddsdóttir, reifar sína hlið.



**MÓTMÆLI** Fjölmargir mótmælafundir hafa verið haldnir á þeim 100 dögum sem liðnir eru síðan neyðarlögin voru sett og ljóst að þjóðin er reið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

### Gylfi Magnússon
## ÁBYRGÐ SKORTIR



Markverðast er lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem var þýðingarmikið skref til að koma í veg fyrir að efnahagslífið stöðvaðist alveg.

Þá er bankakerfið, sem komið var upp í flýti í október, sæmilega starfhæft. Ýmislegt hefði mátt gera betur, og viðbrögðin voru ekki fumlaus, en það er ekki hægt að gera kröfu um það.

Það er hins vegar ýmislegt umdeilt, til dæmis gjaldeyrishöftin sem ekki er enn ljóst hvaða afleiðingar munu hafa. Þá hefðu margir, þar á meðal ég, viljað sjá það gerast strax í kjölfar þrotsins að þeir aðilar sem bera ábyrgð á fjármálastöðugleika vikju og aðrir kæmu í staðinn. Þar á ég bæði við eftirlitsstofnanir og þá sem bera pólitíska ábyrgð. Enginn hefur í raun vikið sem er með ólíkindum því klúðrið er af þeirri stærðargráðu. Öll uppbygging verður erfiðari fyrir vikið þar sem traustið er ekkert.

### Ólafur Ísleifsson
## TÍÐINDALAUST



Það er lofsvert að hafa haldið uppi hnökralausri greiðslumiðlun innanlands þrátt fyrir bankahrunið. Skjaldborg hefur verið slegið um bankainnstæður.

Að mestu hefur verið tíðindalaust af þessum vígstöðvum ef frá eru taldar fráleitar kröfur nokkurra helstu eigenda bankanna um að þeim verði mælt út úr þrotabúunum hundruð milljarða sem þeir segja réttmæta umbun fyrir að knýja niður gengi krónunnar með óheyrilegum stöðutökum gegn henni. Íslendingar standa í rústum fjárhagslegs Tsérnóbyls. Enginn axlar ábyrgð sem rýrir álit þjóðarinnar og traust í augum umheimsins. Fram undan er að reisa við efnahag fyrirtækja og heimila sem hafa orðið hart úti vegna hruns banka og krónu. Hér er um að ræða að verja heimili, fjölskyldur og atvinnu og verjast samfélagslegri upplausn og efnahagshruni og atvinnubresti ofan á bankahrunið. Við blasir að reisa við efnahaginn og endurheimta sæmd þjóðarinnar og virðingu á alþjóðlegum vettvangi.

### Lilja Mósesdóttir
## ENGAR AFSAGNIR



Neyðarlögin tryggðu fólki aðgang að innistæðum sínum sem var mjög gott. Þá voru gjaldeyrishöftin nauðsynleg vegna lítilla upplýsinga um eftirspurn eftir krónunni. Nú væri þó betra að skattleggja útstreymi fjármagns.

Hins vegar hefur lítið verið gert til að auka trúverðugleika, bæði innanlands og erlendis, og engir hafa sagt af sér. Engir óháðir sérfræðingar eru kallaðir til í rannsókn á bankahruninu og engir fjárglæframenn hafa verið kallaðir fyrir dóm. Þá hefur verið ýtt undir eignasamþjöppun með afskriftum skulda í stað þess að breyta þeim í hlutafé ríkisins. Það vantar aðgerðir til að koma í veg fyrir fátækt og nauðsynlegt er að lækka vexti. Það þarf ekki 18 prósenta stýrivexti á meðan gjaldeyrishöft eru. Raunvexti á húsnæðislánum þarf að lækka í 2 prósent.

### Katrín Oddsdóttir
## ÞARF UPPSTOKKUN



Það fyrsta sem kemur upp í hugann eru glötuð tækifæri. Til að mynda hefur enginn axlað ábyrgð og sagt af sér. Þá á ég ekki við einhverjar pólitískar hrókeringar, við þurfum engan stóladans.

Við þurfum algjöra uppstokkun á grunnreglum okkar og nýjan samfélagssáttmála. Það vantar alla auðmýkt í ráðamenn og því treystir þjóðin þeim ekki. Það á að þegja skoðanir stórs hóps í hel með því að bregðast ekki við og hlusta. Fólkið sem kom okkur í vandann er ekki best til þess fallið að koma okkur úr honum. Að láta eins og kosningar geti bara verið á fjögurra ára fresti er líka mikið fokkjú merki framan í lýðræðið. Alger forsendubrestur hefur orðið frá síðustu alþingiskosningum. Þetta er eins og að horfa upp á einhvern drekka sig í hel og það þarf að taka á meðvirkninni. Ef við tökum ekki á undirrót vandans fer allt til fjandans.

### Sigurður Bessason
## ENGIN ÁÆTLUN



Það vantar heildstæða aðgerðaáætlun og stjórnvöld eyddu of miklum tíma í að viðurkenna að utanaðkomandi aðstoð þyrfti. Ákvörðunin um að fella Glitni var upphafið að röð illa undirbúinna ákvarðana ráðamanna.

Stóra verkefnið er að hindra gjaldþrot fjölda fyrirtækja og einstaklinga. Stjórnvöld hafa allt of lítið gert til að sporna við þeim. Það þarf að lækka vexti strax og endurskoða gjaldeyrismál. Þá er nauðsynlegt að menn taki ábyrgð, uppgjör þarf að fara fram. Upplýsingaskyldu til almennings hefur verið áfátt og því þarf að breyta. Heildarlausn þarf að finna við gerð kjarasamninga í febrúar, en stjórnvöld hafa gert þá erfiðari með því að hunsa viðhorf samtaka launafólks við gerð fjárlaga.


# Orka og umhverfi
## – hvernig skal standa að orkunýtingarmálum á Íslandi?

H2 hönnun

**Ráðstefna á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Landverndar**

Þriðjudaginn 20. janúar 2009 kl. 9:00-16:15 á Grand Hótel, Reykjavík

**Dagskrá**

08:30 Skráning
09:00 **Össur Skarphéðinsson**, iðnaðarráðherra, setur ráðstefnuna
09:10 *Orkuauðlindir á Íslandi: yfirlit og alþjóðlegt samhengi* **Guðni A. Jóhannesson** orkumálastjóri, Orkustofnun
09:50 *Main economic principles in energy resource exploitation* **Ragnar Árnason**, Háskóli Íslands
10:40 Kaffihlé
11:00 *Non-market perspectives of energy resource exploitation* **Brynhildur Davíðsdóttir**, Háskóli Íslands
11:45 Hádegishlé
13:00 *External costs in economic appraisals of energy projects: best practices* **Ståle Navrud**, Norwegian University of Life Sciences
14:00 *Hvernig tekur orkufyrirtæki ákvörðun um virkjun?* **Björn Stefánsson**, Landsvirkjun
14:40 Kaffihlé
15:00 Pallborðsumræður **Gunnar Haraldsson**, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, stýrir umræðum
16:00 Samantekt – dreginn lærdómur **Friðrik Már Baldursson**, Háskólinn í Reykjavík
16:15 **Þórunn Sveinbjarnardóttir**, umhverfisráðherra, slítur ráðstefnunni

Ráðstefnustjóri: **Björgólfur Thorsteinsson**, formaður Landverndar
**Skráning á www.landvernd.is** **Ráðstefnugjald: kr. 4.000**
**Ráðstefnan fer fram á ensku og íslensku**



Frá vinstri: Össur Skarphéðinsson, Guðni A. Jóhannesson, Ragnar Árnason, Brynhildur Davíðsdóttir, Ståle Navrud, Björn Stefánsson, Gunnar Haraldsson, Friðrik Már Baldursson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgólfur Thorsteinsson

LANDVERND

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
www.hag.hi.is




Suðurlandsbraut 50 • 108 Reykjavík • S: 568 2560

## Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:



# Tölvunám vorið 2009
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja (yfir 2.000 manns á ári).

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner | PEARSON VUE AUTHORIZED CENTER SELECT | PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## Starfsnáms- og bókhaldsbrautir



### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

### Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skatta-uppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörs-aðila eða endurskoðanda

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

**Hagnýtt bókhaldsnám I+II**: **Verð** 169.900

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL próf tekin.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 186 stundir/124 klst. **Verð**: 139.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Sparaðu og bættu bókhaldi og fleiri greinum við skrifstofu- og tölvunámið.

**Lengd**: 318 stnd./212 klst. **Verð**: 229.900

### Tölvu- og bóhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 270 stnd./180 klst. **Verð**: 189.900

## Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

## Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

## Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu réttа skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeið í notalegu umhverfi.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 54.900

## Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spennandi og skemmtilegt nám.

**Helstu kennslugreinar**

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

**Lengd**: 108 st./72 klst. **Verð**: 129.900

## Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 49.900

## Vefur og grafík

Búðu til þitt eigið vefsíðugerðar- og grafík-nám með því að velja eitt eða fleiri námskeið af stundaskrá okkar:

**Flash I**: 18 st./12 klst. **Verð**: 27.900
**Flash II**: 18 st./12 klst. **Verð**: 27.900
**Photoshop I**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Photoshop II**: 18 st./12 klst. **Verð**: 32.900
**DreamWeaver**: 27 st./18. klst. **Verð**: 32.900

*Veittur er 10% afsláttur af heildarverði pakkans ef tekin eru tvö eða fleiri námskeið saman.*

## MCITP og MCTS nám



Við bjóðum fjölbreytt MCIPT og MCTS nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölva og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

### MCITP Windows 2008 kerfisstjórn

Námið undirbýr þátttakandann undir það að taka þau próf sem þarf til að verða Microsoft Certified Server Administrator (prófin innifalin). Námið hentar einnig vel þeim sem vilja afla sér þeirrar þekkingar sem þarf til að verða góðir netstjórar.

**Lengd**: 180st./120klst. **Verð**: 299.000

*Skoðaðu www.tv.is til að sjá önnur MCITP og MCTS námskeið sem eru í boði hjá okkur.*

Microsoft CERTIFIED Partner

## Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. **Verð**: 159.900

*Veldu þetta nám og MCITP nám saman, taktu alþjóðlega viðurkennd próf og útskrifaðu þig sem kerfisfræðing tv.*

## Hagnýt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun MS Project við gerð verkáætlana og stjórnun.

**Lengd**: 54 st./36 klst. **Verð**: 99.900

*Bjóðum einnig námskeið um PRINCE2 verkefnastjórnun og Microsoft Project.*

## Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

## Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

## Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

## Stutt námskeið

*Skoðaðu vefsíðuna okkar þar sem þú finnur mesta úrvalið af stuttum námskeiðum fyrir byrjendur, sem lengra komna!*

**Skoðaðu www.tv.is**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Að hundrað dögum liðnum:

## Örlítil skíma í svartnættinu

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Hundrað dagar eru liðnir frá neyðarlögunum sem sett voru til að bregðast við lausafjárvanda bankanna og áhrifum fjármálakreppunnar hér á landi. Eftir hundrað daga er enn óskað eftir frekari upplýsingum frá stjórnvöldum, kallað er eftir ábyrgð og að boðað sé til kosninga. Reiði almennings vegna þessara gjörbreyttu skilyrða á Íslandi er mjög skiljanleg og fátt hefur verið aðhafst til að bregðast við henni. Það er ekki þar með sagt að bregðast eigi við öllum áköllum eða hugmyndum að lausnum, þar sem þær eru misgóðar hugmyndirnar sem fram hafa komið. En fólkið í landinu hefur það á tilfinningunni að á það sé ekki hlustað, traustið er farið og smáskammtalækningar munu ekki duga. Ekki einu sinni í formi hringekjuleiks ráðherra.

Náin framtíð verður ekki glæst. Það er nokkuð ljóst. Tæplega ellefu þúsund voru skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun í gær. Þó svo að gert sé ráð fyrir ofskráningu þá jafngildir það tæplega sex prósenta atvinnuleysi. Eins og Geir H. Haarde hefur ítrekað sagt þá er það mun meira atvinnuleysi en við eigum að venjast. Það er einnig mun meira atvinnuleysi en við viljum venjast. Það sem íslenskur efnahagur þarf á að halda er innspýting fjármagns, sem ekki er fyrir hendi. Möguleikarnir eru fólgnir í útflutningi, aukinni framleiðslu og erlendum fjárfestingum. Með þessu þrennu væri hægt að horfa björtum augum fram til framtíðar. En það er til lítils að horfa.

Ef litið er út í heim, þar sem framtíðin er síst bjartari, eru horfur á tekjuaukningu Íslendinga með útflutningi daprar. Bretland er eitt af okkar stærstu útflutningslöndum, en þaðan berast fregnir af miklum hópuppsögnum sem munu leiða til frekari samdráttar og minnkandi neyslu þar í landi. Þau áhrif munu berast til Íslands eins og annarra útflutningsríkja. Með vaxandi heimskreppu mun útflutningur dragast saman alls staðar, líka á fiski. Á meðan íslenska krónan helst ódýr þýðir það að við munum fá fleiri íslenskar krónur í kassann. En að sama skapi hækka erlendu lánin og eru lán sjávarútvegsfyrirtækjanna þar ekki undanskilin. Þá berast okkur fregnir af erfiðleikum álframleiðenda.

Erlendar fjárfestingar virðast einnig fjarri veruleikanum eins og hann er í dag. Það er ekki bara á Íslandi sem auðmenn hafa tapað miklu fé og eiga því erfiðara um vik með nýjar fjárfestingar. Ólíklegt verður að teljast að ef einhverjar fjárfestingar fáist muni stjórnvöld slá hendinni á móti þeim, þrátt fyrir mótmæli umhverfisverndarhópa. Staðan virðist bara þannig að öllu fé verði tekið til að reyna að verja atvinnuástandið og forða þjóðargjaldþroti.

Lítil birta í svartnættinu birtist nú um síðustu helgi frá iðnaðarráðherra, þegar hann tilkynnti um þrjá nýja styrkjaflokka fyrir sprotafyrirtæki. Sprotafyrirtæki, sérstaklega þau sem hugsa til útflutnings, hafa átt erfitt uppdráttar í góðærinu á meðan krónan var sterk og mannaflinn dýr. Fjármálakerfið sogaði til sín óhemju af hæfu starfsfólki á háum launum. Þegar sú bóla er sprungin er möguleiki á að minni og ný fyrirtæki verði samkeppnishæfari, fái þau tækifæri til að lifna og dafna. Slíkt tækifæri varð að veruleika með tilkynningu iðnaðarráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skýr skilaboð

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur sagðist á borgarafundi í Háskólabíói á mánudagskvöld hafa fengið skilaboð frá einum ráðherra ríkisstjórnarinnar um að hún ætti að gæta orða sinna á fundinum starfsheiðurs og frama síns vegna. Sigurbjörg hins vegar neitaði að upplýsa frá hvaða ráðherra skilaboðin bárust. „Það er ekkert aðalmálið hver þetta var. Þetta snýst bara um hegðun ráðherra og svona eiga menn ekki að haga sér," sagði Sigurbjörg í samtali við Vísi í gær en bætti við að hún liti ekki á þetta sem hótun heldur aðvörun til sín.



### Vinátta

Sigurbjörg átelur ráðherrann og segir að svona eigi menn ekki að haga sér. Það er auðvitað grafalvarlegt ef ráðamenn beita óvíðurkvæmilegum þrýstingi til að kveða niður gagnrýni. Undir kvöld í gær kom í ljós að það var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem kom skilaboðunum áleiðis til Sigurbjargar. Í yfirlýsingu sagði Ingibjörg að góð vinátta hefði verið á milli þeirra Sigurbjargar um árabil. Af viðbrögðum Sigurbjargar að dæma er óvíst að sú vinátta vari mikið lengur.



### Ólafur, geeeerðu það!

Ólafi Þór Haukssyni var falið að gegna starfi sérstaks saksóknara í gær. Eins og kunnugt er vöktu auglýsingar um starfið ekki mikil viðbrögð. Þurfti því að grípa til sérstakra ráðstafana og framlengja umsóknarfrestinn. Ekki er vitað hvort Ólafur var beittur sérstökum fortölum til að sækja um starfið, en ætli þeim sem þessum málum ráða sé ekki létt að ráðningin sé loksins í höfn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Nýtt lýðveldi



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

**Í DAG** | Lýðveldið

Lýðveldi Íslendinga, stofnað 1944, er því miður gengið sér til húðar. Spilltir stjórnmálamenn hafa breytt því í flokksveldi og þar með í reynd gengið af því dauðu. Þrískipting stjórnvalds er hunsuð, Alþingi breytt í afgreiðslustofnun framkvæmdavalds – og meira að segja skipan dómara fer eftir geðþótta valdsmanna. Þetta blasir við nú eftir hrun efnahagsins – sem hvorki má líkja við hamfarir né slysakafla – því að það varð ekki af náttúrunnar völdum heldur fjárglæframanna sem fengu að leika lausum hala meðan sjálfumglaðir stjórnmálamenn horfðu á með glýju í augum, og hylltu þá jafnvel með eggjunarorðum. Íslensk stjórnvöld brugðust þeirri skyldu að gæta hagsmuna þjóðarinnar. Endanlega ábyrgð á hruninu bera ríkisstjórn og Alþingi. Þess vegna er íslenska lýðveldið í raun dautt. Og öllum má vera ljóst, að stjórnvöld sem hafa brugðist svo hrapallega, geta hvorki rannsakað eða hreinsað til í fortíðinni né varðað veg til framtíðar, enda hafa þau hvorki til þess traust né fylgi – og enga framtíðarsýn.

Því er með ólíkindum sá valdhroki sem sumir ráðherrar sýna nú. Þarf ekki annað en vísa til framgöngu heilbrigðisráðherra á síðustu dögum. Þjóðin mun ekki láta bjóða sér slíkt öllu lengur. Hætta er á að hún neiti að hlýða stjórnvöldum og við taki allsherjar upplausn og glundroði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Því að slíkt öngþveiti getur orðið jarðvegur fyrir lýðskrumara – eins og við þekkjum annars staðar frá. Þess vegna er brýnt að bregðast við skjótt og af festu og marka íslenskum samfélagi nýja braut þjóðinni til framtíðarheilla. Það sem hér hefur gerst er ekkert skammtímafyrirbæri heldur á sér langan aðdraganda. Vandi þjóðarinnar er svo mikill, að hann verður ekki leystur nema með róttækum aðgerðum og grundvallarbreytingu á íslenskri stjórnskipan.

### Neyðarstjórn til bráðabirgða

Nú þarf hvorki meira né minna en að fara að fordæmi Frakka og stofna nýtt lýðveldi með algerlega nýrri stjórnarskrá. Rétt eins og bankastjórarnir gengu út þegar bankarnir hrundu, þannig á ríkisstjórnin að ganga út og leggja niður völd. Þing þarf að rjúfa og senda þingmenn heim. Skipa þarf neyðarstjórn til bráðabirgða – segjum til 12-16 mánaða – utanþingsstjórn valinkunnra manna og kvenna með víðtæku valdsviði. Henni skal umfram allt falið tvenns konar hlutverk.

Annars vegar á neyðarstjórnin að standa fyrir rannsókn og uppgjöri í kjölfar efnahagshrunsins – og nauðsynlegri hreinsun í ákveðnum stofnunum, svo sem Seðlabanka og Fjármálaeftirlitinu. Birta þarf opinberlega allar niðurstöður og fylgja þeim eftir með lögsókn, ef með þarf.

Hins vegar á neyðarstjórnin að semja algerlega nýja stjórnarskrá. Það ætti að vera hægt á einu ári. Að því loknu skal bera hina nýju stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði og í framhaldi af því efna til þingkosninga samkvæmt nýrri stjórnskipan. Þessu ætti að vera unnt að ná fram á 16 mánuðum. Þá skilar neyðarstjórnin af sér til nýs Alþingis og nýrrar ríkisstjórnar.

### Ný stjórnarskrá

Meginmarkmið nýrrar stjórnarskrár er að tryggja raunverulega þrískiptingu stjórnvalds – og þar með endurreisa Alþingi sem æðstu valdastofnun Íslands.

Mér finnst rétt að forseti Alþingis sé þjóðkjörinn persónulegri kosningu samhliða öðrum þingmönnum. Skynsamlegt væri að taka upp finnsku aðferðina, þar sem allir frambjóðendur allra flokka hafa ákveðið númer og kjósandi velur einn frambjóðanda – sem dregur síðan með sér aðra samflokksmenn. Þá er ekki raðað á lista, heldur er það á valdi kjósenda. Þannig yrði flokksveldið að nokkru brotið á bak aftur. Þingmönnum skal bannað að gegna nokkru öðru starfi, þar með talin seta í stjórnum, nefndum og ráðum utan þings, – líkt og nú er um hæstaréttardómara. Þingmenn mega ekki jafnframt vera í ríkisstjórn. Verði þeim falinn ráðherradómur, skulu þeir segja af sér þingsæti sínu. Rétt er að takmarka þingsetu við þrjú kjörtímabil. Landið skal vera eitt kjördæmi.

Að loknum kosningum felur forseti Alþingis einhverjum að mynda stjórn samkvæmt úrslitum þeirra og hefur sá frjálsar hendur til mannvals. Ekki er fráleitt að hugsa sér að þingmenn og ráðherrar hafi sömu laun – t.d. þau sömu og hæstaréttardómarar (hugsanlega eitthvað hærri fyrir forseta þingsins og leiðtoga ríkisstjórnar) – en sömu eftirlaunaréttindi og aðrir embættismenn ríkisins.

Nauðsynlegt er að allir þingflokkar eigi sæti í öllum nefndum þingsins, og eðlilegt væri að fjárlög þyrfti að samþykkja með auknum meirihluta til að tryggja áhrif stjórnarandstöðu. Þingmönnum má fækka, en ekki alltof mikið, gætu t.d. verið 49. Og þar sem þeir helguðu sig eingöngu þingstörfum þyrftu þeir enga aðstoðarmenn – enda er það ein aðferð flokksvaldsins til að koma sínum mönnum á jötu.

### Siðferðiskrafa og ábyrgð

Með þessum tillögum er dregið verulega úr ráðherravaldi, sem er alltof mikið hér og miklu meira en í nágrannalöndum okkar. Það mætti meira að segja láta sér detta í hug að hætta að nota nafnið „ráðherra" – enda virðist sú nafngift stórauka hroka sumra stjórnmálamanna sem telja sig þar með „herra" yfir lýðnum, hafna yfir almenn siðferðisgildi. Enginn vandi er að finna eitthvert annað nafn. Mér dettur í hug orðið „frömuður" – menntafrömuður, iðnfrömuður – hljómar það nokkuð illa? Ríkisstjórn á að þjóna þjóð sinni, en ekki vera herra hennar.

Vel mætti hugsa sér að forseti Alþingis kæmi fram fyrir hönd þjóðarinnar og embætti þjóðhöfðingja lagt niður. Hann gæti líka heitið lögsögumaður eins og á þjóðveldisöld. Þá var enginn þjóðhöfðingi.

En umfram allt þarf að setja í nýja stjórnarskrá skýr og ströng ákvæði um siðferði og ábyrgð alþingismanna og ráðherra. Bregðist þeir, skulu þeir víkja.

*Höfundur er rithöfundur og prófessor emeritus við Háskóla Íslands.*




FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ekki er eftir neinu að bíða

**UMRÆÐAN**
Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um ríkisstjórnarsamstarfið


SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Nú bíðum við Samfylkingarfólk. Bíðum eftir landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Bíðum þess að vita hvort breyting verði á stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum, hvort samþykkt verði að fara í aðildarviðræður.

En gagnast það málstað Evrópusinna? Ég tel að það gæti gert mikinn skaða ef farið verður í aðildarviðræður undir forystu þeirrar ríkistjórnar sem nú situr. Þessi ríkistjórn nýtur ekki trausts. Samstarfsflokkur okkar ber allt of mikla ábyrgð á þeim hörmungum sem nú ríða yfir til að trúverðugt sé að þeir leiði eða taki þátt í endurreisninni. Það að þessi ríkistjórn leiði aðildarviðræður getur í sjálfu sér skaðað markmið okkar um aðild.

Umboð ríkisstjórnarinnar er útrunnið þótt kjörtímabilið sé ekki liðið. Það mikla framfaraspor sem ég tel að innganga í ESB gæti orðið má ekki verða feilspor, stigið í skugga umboðslausrar ríkisstjórnar. Ég óttast að það gæti orðið til þess að koma í veg fyrir samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Því tel ég tilgangslaust fyrir okkur að bíða. Við eigum að slíta þessu samstarfi og treysta því að hvorki Vinstri grænir né „ný Framsókn“ skelli sér í sæng með Sjálfstæðisflokknum og að boðað verði til kosninga.

Þjóðin vill kosningar og á að fá þær, við eigum ekki að standa í vegi fyrir því. Samfylkingin hefur engu að kvíða í kosningum. Ekki nema við gerum það að okkar stefnu að bíða eftir Sjálfstæðisflokknum. Leyfum þeim að nota eitt af okkar grundvallarstefnumálum til að draga okkur á asnaeyrunum í ríkistjórn sem situr í óþökk þjóðarinnar. Það eru brýn mál sem brenna á þjóðinni sem kjósa þarf um, óháð ESB-aðild. Það að halda þessu stjórnarsamstarfi til streitu til að fara í aðildarviðræður getur orðið til þess að aðild verði hafnað og við göngum að endingu til kosninga sem undirlægjur og taparar. Það gerir hvorki okkur né okkar málstað gott. Markmiðið er ekki aðildarviðræður heldur aðild að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við þurfum þjóðina með okkur í þann leiðangur, hún mun ekki fylgja þessari ríkistjórn.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*




# Undir hulinshjálmi

**UMRÆÐAN**
Eiður Guðnason skrifar um Sólskinsdreng


EIÐUR GUÐNASON

Einhverfa var mér ekki merkingarmikið orð – fyrr en ég sá heimildamyndina um Sólskinsdrenginn. Þar er farið með okkur í ferðalag um slóðir, sem ég vissi ekki að væru til. Einhverfa getur verið margrar gerðar og haft í för með sér mismikla röskun.

Í þessari stórkostlegu mynd sjáum við hvernig þrautseigja, þolinmæði – og móðurást lyfta huliðshjálminum og opna dyr á vegg þar sem engar dyr virtust vera. Þar sem ótrúlegir hæfileikar birtast hjá þeim, sem virtust í upphafi allar bjargir bannaðar. Það er sem sé mögulegt að leysa einstaklinga úr viðjum einhverfunnar.

Þegar ég heyrði að Margrét Dagmar Ericsdóttir, ætlaði að gera mynd um drenginn sinn einhverfa, hann Kela, þá hugsaði ég eitthvað á þá leið, já, einmitt það. Erfitt verður líklega að fjármagna slíkt verk. Peningar liggja ekki lausu til kvikmyndagerðar og hver hefur svo sem áhuga á einhverfu utan þeirra fjölskyldna sem glíma við þennan vanda?

Þessi hugsun var auðvitað röng.

Margrét lét ekkert stöðva sig. Saman hefur hún, fjölskyldan og Friðrik Þór (sem heldur lætur ekkert stöðva sig) og allt það ágætis fólk, sem kom að gerð myndarinnar gert kraftaverk og opnað okkur nýjan heim. Þau hafa leitt okkur um slóðir sem líklega hafa aldrei verið kannaðar svo gaumgæfilega í kvikmynd og áhorfendum opnast þar ný veröld.

Keli er ellefu ára. Kannski fáum við aðra mynd þegar hann verður fimmtán ára eða tvítugur. Vonandi.

Það er óhætt að hvetja alla til að gera sér ferð í kvikmyndahús til fundar við Sólskinsdrenginn. Það svíkur engan. Þessi kvikmynd ætti raunar að vera hluti af námsefni allra grunnskóla. Hún er öllum holl, ekki síst börnum og unglingum.

Kærar þakkir fyrir ógleymanlega kvöldstund. Þetta voru ótrúlega stuttar níutíu mínútur. Mínútur, sem lifa munu lengi með öllum sem myndina sjá.

*Höfundur er sendiherra.*

vísir.is
„...ég sá það á vísi“





✝

*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru*

**Ástu Hansdóttur**

frá Hömrum, Reykholtsdal.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi og nýrnadeildar 13-E á Landspítala v/Hringbraut fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Þorsteinn Pétursson
Pétur Þorsteinsson
Ágúst Þorsteinsson — Anna Þ. Halldórsdóttir
Kári Þorsteinsson
Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Jakob Þorsteinsson — Íris Árnadóttir
Skúli Þorsteinsson — Lilja Þrastardóttir
Sigrún A. Þorsteinsdóttir — Helgi Þór Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

**ANDY ROONEY ER 90 ÁRA Í DAG**

*„Dauðinn er unga fólkinu aðeins fjarlægur orðrómur.“*

***Andrew Aitken Rooney er bandarískur sjónvarpsmaður. Hann er líklega þekktastur fyrir gamansama pistla í þættinum 60 Minutes sem hann hefur flutt frá árinu 1978.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 14. JANÚAR 1954

## *Monroe giftist DiMaggio*



Á þessum degi árið 1954 gekk hornaboltastjarnan Joe DiMaggio að eiga kynbombuna Marilyn Monroe.

Þau fóru í brúðkaupsferð til Japans en meðan á henni stóð bauðst Marilyn að halda til Kóreu til að skemmta bandarískum hermönnum. Hjónabandið byrjaði að liðast í sundur upp frá því. Marilyn Monroe sótti um skilnað 274 dögum eftir brúðkaupið.

Þau héldu þó áfram að vera vinir. Marilyn lést af neyslu of stórs lyfjaskammts árið 1961 og sá DiMaggio um útförina. Næstu tuttugu árin lét hann senda rauðar rósir á leiði hennar þrisvar í viku. Ólíkt öðrum vinum Marilyn talaði DiMaggio aldrei opinberlega um samband þeirra Marilyn.



✝

*Kveðjuathöfn um móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hólmfríði Jóhönnu Jóhannesdóttur**

frá Þorleifsstöðum,
Kópavogsbraut 1b,

verður í Kópavogskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 15.00. Jarðsett verður frá Miklabæjarkirkju Skagafirði laugardaginn 17. janúar kl. 14.00.

Jóhannes Þ. Ellertsson — Margrét Guðmundsdóttir
Margrét Ellertsdóttir — Danelíus Sigurðsson
Málfríður Ellertsdóttir — Sveinn H. Guðmundsson
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

HÖNNUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS OG INNOVIT: STOFNA ORKUVER Í DAG

# Hraðstefnumót hönnuða og viðskiptafræðinga

Hönnunarmiðstöð Íslands og Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlasetur munu í sameiningu stofna Orkuverið í dag. Fundurinn fer fram á Háskólatorgi klukkan 17.

„Við höfum orðið vör við að það vantar að fá viðskiptaþekkingu inn í hönnunargreinina,“ segir Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Hún fundaði í haust með forsvarsmönnum Innovit til að athuga hvort ekki væri hægt að koma á einhverju samstarfi og Orkuverið varð niðurstaðan.

Orkuverið er vettvangur til að koma á farsælu samstarfi nýútskrifaðra hönnuða og viðskiptafræðinga með það í huga að leiða saman ólíka einstaklinga til að stofna ný fyrirtæki saman.

„Maður verður alltaf að sjá tækifæri í öllu og núna er tækifæri fyrir okkur því að það er mjög margt fólk á lausu með viðskiptaþekkingu og áhuga á nýsköpun,“ útskýrir Þórey og segir að jafnframt sé mikið til af frambærilegum nýútskrifuðum hönnuðum.

Fundurinn í dag verður settur upp eins og hraðstefnumót. Ætlunin er að fimm til tíu hönnuðir og jafnmargir viðskiptafræðingar verði á staðnum. Hvert hönnuða- og viðskiptafræðingapar hefur nokkrar mínútur til að tala saman og kynna hugmyndir sínar og svo er skipt um félaga og hugmyndin kynnt að nýju.



**ORKUVER** Með því að leiða saman nýútskrifaða hönnuði og viðskiptafræðinga er hægt að búa til ný viðskiptatækifæri, að sögn Þóreyjar Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar Íslands. FRÉTTABLAIÐ/GVA

„Orkuverið verður vettvangur nýrra hugmynda sem geta orðið að veruleika,“ segir Þórey. Hugmyndin er að þeir sem finni flöt á samstarfi taki þátt í Frumkvöðlakeppni Innovit, Gullegginu, þar sem verðlaun eru veitt fyrir bestu viðskiptahugmyndina. Fyrirvarinn er þó stuttur enda þarf teymi sem hugsanlega hittist í dag að vera búið að skila inn drögum að hugmynd strax í næstu viku. Fullmótaðri viðskiptaáætlun þarf síðan að skila fyrir 8. mars.

Þórey segir mikinn áhuga á Orkuverinu enda sé mikil gerjun í gangi og töluvert um að viðskipta- og markaðsfræðingar hafi hafið störf hjá hönnunarfyrirtækjum að undanförnu.

**solveig@frettabladid.is**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og vinkona,*

**Lilja Sigurðardóttir**

kennari frá Hróarsdal
Möðruvallastræti 1, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. janúar kl 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Minningarsjóð Önnu Sigurjónsdóttur uppl. hjá Elínu í síma 453-6323 eða Minningarsjóð SÍK uppl. í síma 533- 4900.

Þorvaldur Sigurðsson — Jenný Gunnarsdóttir
Björg Sigurðardóttir — Jökull Einarsson
Valgerður Anna Sigurðardóttir
Sigurður Björgvin, Guðrún Edda, Kristín Þóra, Sigurður Þór, Lilja Björg, Þórey Hlín.
Þórey Sigurðardóttir



✝

*Vinur minn og fyrrum samstarfsmaður,*

**Gunter Merkel**

fæddur 28. febrúar 1935 í Kiel, áður eigandi Scantrans GmbH í Hamborg,

lést 1. desember sl. á Mallorka.

Hilmar Vilhjálmsson



✝

*Elskulegur frændi okkar,*

**Kristján Bruun**

Fannborg 1, Kópavogi,

varð bráðkvaddur að heimili sínu miðvikudaginn 31. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
William R. Jóhannsson.



✝

*Elskuleg móðir okkar, dóttir, stjúpmóðir, systir, mágkona og frænka,*

**Margrét Oddsdóttir**

skurðlæknir og prófessor
Birkigrund 39, Kópavogi,

lést á heimili sínu 9. janúar sl. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð styrktarfélagsins Göngum saman, í síma 540 1990, til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini, eða á heimasíðu: www.gongumsaman.is.

Oddur Björn Jónsson
Sigurður Árni Jónsson
Oddur Pétursson — Magdalena M. Sigurðardóttir
Sigríður Jónsdóttir — Hallsteinn Magnússon
Þorgrímur Darri Jónsson
Elías Oddsson — Ingibjörg Svavarsdóttir
Ólöf Björk Oddsdóttir — Valdimar J. Halldórsson
Haukur Oddsson — Margrét Gunnarsdóttir
Jóhanna Oddsdóttir — Jón Ólafur Sigurðsson
Pétur Oddsson — Sigurlín G. Pétursdóttir
Sigurður Oddsson — Erla Helga Sveinbjörnsdóttir
og systkinabörn.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Haraldur Sigurgeirsson**

Grundarhvarfi 3,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 9. janúar. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 11.00.

Halldóra Gunnarsdóttir
Guðbjörg Haraldsdóttir og Einar Stefánsson
Erna Haraldsdóttir og Stephen Fischbacher
Sævar Haraldsson og Rakel K. Sigurhansdóttir
Hafþór Haraldsson
Hörður Ármann Haraldsson og Iris Haraldsson
Björk Haraldsdóttir og Keith Brownlie
og barnabörn.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Tryggvi Eggertsson**

Gröf Vatnsnesi,

sem lést aðfaranótt fimmtudagsins 8. janúar, verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju föstudaginn 16. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga. Reikningsnúmer samtakanna er: 1105-15-200135. kt. 711006-2140.

Kristín Jóhannesdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



...við prentum!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 14. janúar 2009 – 2. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Skuldir ríkisins**
900 milljarðar króna



2

**Undirmálslánin**
Rætur fjármálakreppunnar



4-5

**Emil B. Karlsson**
Horfur í verslun á árinu



6


## FME lét rannsaka

Fjármálaeftirlitið (FME) segist hafa fengið til liðs við sig sérstaka sérfræðinga í bókhaldsrannsóknum til að aðstoða sig.

Slíkir sérfræðingar eru upp á ensku nefndir Forensic accountants og munu oft vera fengnir til að fara yfir stöðu fyrirtækja og sigta út allt úr bókum félaga sem vekur grunsemdir eða orkar tvímælis.



JÓNAS FR. JÓNSSON
Jónas er forstjóri FME.

Fram hefur komið að eitt allra fyrsta verk breska fjármálaeftirlitsins, þegar það tók yfir Kaupþing Singer & Friedlander í haust, var að kalla til slíka sérfræðinga. Þeir voru frá endurskoðunarfyrirtækinu Ernst & Young. Meðal þess sem þeir rákust fljótlega á var svonefnd einkalánabók en þar kom fram að um 60 milljarðar króna hefðu verið lánaðir auðmönnum til kaupa á snekkjum og þotum.

Robert Wade prófessor undraðist það á borgarafundi í fyrrakvöld að Fjármálaeftirlið hefði ekki nú þegar kallað slíka sérfræðinga sér til aðstoðar og taldi að slíkt hefði átt að gera fyrir löngu.

Fjármálaeftirlitinu segist hafa gert þetta í ákveðnum tilvikum, en vill ekki tilgreina það nánar.

Eftirlitið að frá því um miðjan október hafi hugsanleg lögbrot verið rannsökuð. Meðal annars væru könnuð viðskipti með verðbréf og markaðssetning og fjárfestingar peningamarkaðssjóða. Ýmsar ábendingar væru skoðaðar sérstaklega. Rannsóknum verði hraðað og bætt við starfsmönnum, sem ráðnir verði tímabundið, eða utanaðkomandi sérfræðingum, verði þörf á.

Fjármálaeftirlitið segist enn fremur munu starfa með rannsóknarnefnd Alþingis eða hinum sérstaka saksóknara, í samræmi við lagaheimildir, verði þess óskað. - ikh

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Gjaldþrota Lund** | Morten Lund, síðasti eigandi Nyhedsavisen í Danmörku og fyrrverandi milljarðamæringur eftir fjárfestingu í netsímafyrirtækinu Skype, var lýstur gjaldþrota við Sjó- og kaupréttinn í Kaupmannahöfn í gær. Það voru stjórnendur Nyhedsavisen sem stefndu Lund fyrir réttinn.

**Ál í mínus** | Bandaríski álrisinn Alcoa tapaði 1,2 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði um 150 milljörðum króna, á síðasta fjórðungi í fyrra. Álrisinn rekur meðal annars Fjarðarál á Reyðarfirði og hefur lýst yfir áhuga á að reisa álverksmiðju við Bakka hjá Húsavík. Gripið hefur verið til hagræðingar víða um heim, þó ekki hér.



**Uppsagnir hjá FIH** | FIH, hið danska dótturfyrirtæki gamla Kaupþings, þarf að segja upp um hundrað manns. Það jafngildir fjórðungi starfsfólks. FIH gerir ráð fyrir verulegum samdrætti á árinu og eru uppsagnirnar tengdar því.

**Þýskur ríkisbanki** | Þýsk stjórnvöld tóku fjórðungshlut í þýska bankanum Commerzbank í síðustu viku í skiptum fyrir tíu milljarða evra neyðarlán til hans. Þetta var í annað sinn sem bankinn leitar til ríkisins.

**Samson selur** | Tæpur átta prósenta hlutur í danska fasteignafélaginu Sjælsö Gruppen er til sölu. Hluturinn er í eigu Samson sem er gjaldþrota og í skiptameðferð.

# Samninga upp á borðið

**Dósent segir að rannsaka verði gjaldeyrisafleiðusamninga. Fjármálaeftirlitið rannsakaði gengisfall í vor en sá ekki að lög hefðu verið brotin.**

Ingimar Karl Helgason
skrifar

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að varla sé til skýrt viðmið um hvað teljist eðlilegar gjaldeyrisvarnir. Ef fyrirtæki, bankar þar með taldir, séu einfaldlega að verja stöðu með gengisvörnum, geti það varla talist óeðlilegt. „Það er hins vegar annað mál að einhverjir hafa væntanlega gengið lengra en þetta, það er, beinlínis veðjað á veikingu krónunnar. Í því samhengi má þó auðvitað hafa í huga að í grundvallaratriðum þá var það löglegt og eðlilegt miðað við leikreglurnar eins og þær voru, nema ef menn fóru yfir strikið og beinlínis reyndu að þrýsta gengi hennar niður,“ segir Gylfi.

Í þessum málum séu ekki öll kurl komin til grafar. Gylfi segir að fá þurfi á hreint hvort bankarnir hafi mismunað viðskiptavinum til dæmis með því að bjóða eigendum sínum eða öðrum gengisvarnir sem öðrum hafi ekki boðist. „Nú eða hvort bankarnir ráðlögðu einhverjum viðskiptavinum að veðja á krónuna þegar þeir sjálfir töldu að hún myndi veikjast. Allt slíkt þarf að fá upp á borðið.“

Gengi krónunnar féll um næstum fjórutíu prósent á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn í fyrravor og kannað hvort „ákveðnir aðilar, hefðu mánuðina þar á undan, stuðlað að og reynt að hagnast á gengislækkun íslensku krónunnar með ólögmætum hætti“.

Gengi krónunnar féll skarpt undir lok fyrsta fjórðungs ársins. Seðlabankinn sendi í kjölfarið ábendingu til Fjármálaeftirlitsins.

Enda þótt lög og reglur um gjaldeyrismál heyri ekki undir Fjármálaeftirlitið, segir í svari þess við fyrirspurn Markaðarins, var kannað hvort brotið hafi verið gegn þeim lögum sem það hefur eftirlit með. „Ekki komu fram vísbendingar um slíkt á því tímabili sem til athugunar var,“ segir í svari eftirlitsins. Tímabilið frá lokum ársins 2007 til fyrstu mánaða ársins var undir.

Fjármálaeftirlitið segist munu rannsaka frekar eða gera öðrum yfirvöldum viðvart, komi fram upplýsingar sem benda til mögulegra lögbrota í þeim könnunum sem það nú sinnir.

Skilanefndarformenn, sem Markaðurinn hefur rætt við, segja að mikið sé um gjaldeyrisafleiðusamninga í gömlu bönkunum, en greina ekki frá upphæðum þeirra. Heldur er ekki greint frá því hvort þar sé um að ræða eðlilegar stöðutökur með eða gegn krónu, eða annað. Það sé ekki á verksviði þeirra að meta slíkt.

Bankarnir höfðu þó gert afleiðusamninga fyrir um 1.600 milljarða króna, samkvæmt tölum Seðlabankans frá í haust. Samkvæmt upplýsingum þaðan er hluti samninganna vegna gjaldeyris, en bankinn segist ekki vera með upplýsingar um hversu mikið það er. Upphæð afleiðusamninga í eignastöðu milli bankanna innbyrðis tífaldaðist á fyrstu níu mánuðum ársins; voru innan við þrettán milljarðar króna í febrúar en yfir 130 milljarðar í september. Afleiðusamningar annarra fjármálafyrirtækja voru rúmir 40 milljarðar í febrúar en hátt í 250 milljarðar í september. Upphæð þessara samninga hjá öðrum fyrirtækjum jókst úr um 240 milljörðum í rúma 320.

Erlendir bankar eru þarna skráðir með næstum 400 milljarða króna stöður. Ekki er útilokað að dótturfélög bankanna séu í þeim hópi.

# Skortstöður skorti gegn krónu

„Á þenslutímum eru skortstöður gegn heimagjaldmiðli dyggð en langar stöður með honum auka vandræðin,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, í grein sem hann ritar í Markaðinn.

Ásgeir segir að hér hefðu fleiri þurft að taka á þenslutímum stöður gegn krónunni, en gengi hennar verið haldið allt of háu á síðustu fjórum árum með háum stýrivöxtum Seðlabankans. „Eftir á að hyggja má það teljast með ólíkindum, og í rauninni ógæfa, hve lengi gengi krónunnar náði að haldast hátt þrátt fyrir gríðarlegan viðskiptahalla, hækkun erlendra skulda og lækkun á lánshæfi ríkissjóðs.“

Að mati Ásgeirs hefði farið betur á því að fleiri veðjuðu á veikingu krónunnar, söfnuðu gjaldeyri og tækju á sig innlenda vexti. „Þetta skorti af hálfu ríkisins sem notaði ekki tækifærið til þess að safna gjaldeyrisvarasjóði og einnig af hálfu ríkisfyrirtækja sem virðast hafa tekið stórar óvarðar stöður með krónunni með erlendum lántökum.“

Þá segir Ásgeir skortstöður bankanna til að tryggja eiginfjárhlutfall þeirra ekki aðeins eðlilega ráðstöfun, heldur beinlínis skyldu stjórnenda þeirra. Stöður þeirra hafi enda verið teknar með fullri vitund og leyfi Seðlabankans. „Af þeim sökum verður ekki séð að það þurfi sérstakan saksóknara til að rannsaka þessar skortstöður,“ segir hann. - óká / Sjá síðu 4




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 2,5% | -2,4% |
| Bakkavör | -22,4% | -28,9% |
| Eimskipafélagið | 26,8% | 24,8% |
| Icelandair | -0,4% | -0,4% |
| Kaupþing | 0,0% | 0,0% |
| Marel | -2,8% | -1,7% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Straumur | -32,6% | -33,3% |
| Össur | 0,2% | -2,3% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 335.*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 902*

# Óréttlætið óásættanlegt að óbreyttu

Breyta þarf skattalögum þannig að tap fyrirtækja og einstaklinga á hlutabréfum bankanna við fall þeirra verði frádráttarbært frá skatti, segir Elín Árnadóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs PricewaterhouseCoopers.

Elín segir tæpast samrýmast hugmyndum um réttlátt skattkerfi að við þessar aðstæður sé greiddur skattur af söluhagnaði hlutabréfa án þess að tekið sé tillit til verðmætataps sams konar eigna á árinu.

„Alþingi hefur ekki enn séð ástæðu til að taka tillit til þessa og því miður er það oft þannig að að skattamálin verða útundan í meðferð Alþingis," segir hún, en telur um leið mjög mikilvægt að stjórnvöld leitist við að mismuna ekki skattborgurum landsins að óþörfu. Fyrir liggi að hlutafé í gömlu bönkunum sé tapað, en þar sem ekki sé um eiginlegt


ELÍN ÁRNADÓTTIR

sölutap að ræða og bankarnir ekki enn þá formlega gjaldþrota þá gildi ekki ákvæði skattalaga sem heimili hvort heldur sem er einstaklingum eða fyrirtækjum skattafrádrátt vegna tapsins.

Við þá einstöku stöðu sem bankarnir séu í segir Elín að til verði ófyrirsjáanleg áhrif sem skattalög hafi á engan hátt gert ráð fyrir og valdi „óásættanlegu óréttlæti" verði ekkert að gert. Hún segir að bæta þurfi úr ákvæðum skattalaga á þann veg að jafna megi stöðunni við þjóðnýtingu bankanna við gjaldþrot í skilningi skattalaga. - óká

# Jöklabréfin skipta engu

„Jöklabréfin skipta líklega engu máli lengur og ættu ekki að hreyfa við krónunni," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis.

Jöklabréf upp á 98 milljarða króna eru á gjalddaga í þessum mánuði en samtals hljóðar útistandandi jöklabréfastaða upp á 238,1 milljarð króna á árinu.

Hinn hollenski Rabobank er langstærsti eigandinn, átti 40 milljarða í þessum mánuði. Það er rúmur helmingur jöklabréfaeignar bankans. - jab

# Skuldir Milestone ekki afskrifaðar

„Engar skuldir verða afskrifaðar og núverandi eigendur Milestone fá ekkert í sinn hlut fyrr en búið er að borga skuldirnar. Á þeim nótum reynum við að semja," segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.


ÁRNI TÓMASSON

Skilanefndin vinnur að samningum um lyktir mála Milestone gagnvart kröfuhöfum, en flestir hagsmunir liggja í Svíþjóð. Engar fjárhæðir fengust staðfestar frá skilanefndinni en eftir því sem næst verður komist nema skuldirnar upp undir 120 milljörðum króna. Virði eigna Milestone, sem meðal annars eru Sjóvá, Avant og Askar Capital, er innan við 60 milljarðar króna.

Áður hefur komið fram að til stæði að eigendur Milestone, Karl og Steingrímur Wernerssynir, fengju þrettán prósenta hlut í félaginu þegar búið væri að semja um skuldirnar og ættu rétt á að kaupa 27 prósent til viðbótar.

Árni Tómasson segir að í engu tilviki sé gert ráð fyrir að þeir fái aftur ráðandi stöðu í félaginu. „Ef svo vel tækist til að unnt væri að greiða allar skuldir með vöxtum, gerði ég ekki athugasemd við að fyrrverandi eigendur ættu þess kost að kaupa hlut aftur í félaginu, segir Árni. Hann segir að sænska fjármálaeftirlitið hafi mikið um þessi mál að segja og samþykki þess þurfi fyrir samningum. „Við reynum að haga þessu þannig að eignirnar fari ekki á brunaútsölu," segir Árni og bætir því við að skilanefndin geti hvenær sem er tekið allt hlutafé úr höndum Wernerssona. „Þeir hafa engan rétt í arðs eða annarra greiðslna í þeim samningum sem við erum að reyna að gera, á meðan ekki er búið að greiða upp skuldir með vöxtum."

Árni segir að hluta skuldanna verði breytt í hlutafé sem sé nauðsynlegt til þess að „hámarka verðmæti eigna". Í því felist ekki að skuldir teljist greiddar eða afskrifaðar. Verði eitthvað til skiptanna eftir uppgreiðslu skulda ásamt vöxtum fái Glitnir endurgjald fyrir þann hluta sem breytt var í hlutafé. - ikh

# Ríkið skuldar rúma 900 milljarða króna

**Erlendar skuldir ríkisins vaxa hratt. Þær nema nú þegar yfir þrjú hundruð milljörðum króna. Innlendar skuldir námu um þrjú hundruð milljörðum en næstum tvöfölduðust í vikunni.**

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Þetta er staða ríkisskulda en þá á eftir að taka tillit til allra skuldbindinga sem falla á ríkið vegna falls bankanna," segir Björgvin Sighvatsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt nýjustu Markaðsupplýsingum um lánamál ríkisins nema heildarskuldir um 653 milljörðum króna. Þar af er tæpur helmingur í erlendri mynt. Björgvin bendir á að inn í þessa tölu vanti 270 milljarða króna, vegna framsals á kröfum Seðlabankans á hendur fjármálafyrirtækjum, til ríkissjóðs. Það var ákveðið síðdegis í gær, og koma þær tölur ekki fram í lánamálum.

Þess vegna nema heildarskuldir ríkisins nú um 905 milljörðum króna.

Skuldir ríkissjóðs í evrum nema um 270 milljörðum og í pundum um 24 milljörðum. Ríkið skuldar minna í öðrum gjaldmiðlum.

Í þessum tölum er, eins og Björgvin bendir á, hvorki gerð grein fyrir skuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að styrkja gjaldeyrisforðann né lánum frá öðrum ríkjum á Norðurlöndum og víðar í sama skyni.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lánar um tvo milljarða Bandaríkjadala og aðrir annað eins. Heildin nemur um 500 milljörðum króna. Óvíst er hvort féð þurfi að nota en það á að styðja við gengi krónunnar.

Þá er enn fremur ekki gerð grein fyrir kostnaði sem fellur á íslenska skattgreiðendur vegna Icesave-reikninga eða annarra innlánsreikninga í útibúum bankanna erlendis.

Fram hefur komið að mat skilanefndar Landsbankans er að um 150 milljarðar króna lendi á skattgreiðendum vegna Icesave-reikninganna eftir að eignir Landsbankans ytra hafa verið gerðar upp. Hins vegar er ekki ólíklegt að ríkið verði að taka lán hjá Bretum og Hollendingum fyrir allri upphæðinni sem Íslendingar þurfa að ábyrgjast vegna þessara innlána, jafnvel um sex hundruð milljarða króna. Af þeirri upphæð þarf að borga vexti þar til eignir seljast.

Þegar þetta er tekið saman gætu skuldir ríkisins innan tíðar því numið um 2.100 milljörðum króna.

Til samanburðar má nefna að verðtryggðar skuldir almennings í bankakerfinu einu og sér nema ríflega þúsund milljörðum króna, samkvæmt tölum Seðlabankans.

# Tóku Biva upp í skuld

Straumur-Burðarás leggur ekki fé inn í rekstur dönsku húsgagnakeðjunnar Biva Möbler Odense líkt og hér hefur verið haft eftir í dönskum fjölmiðlum.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum gekk Straumur í Danmörku að veðum og tók fyrirtækið yfir af þeim sökum. Á næstu vikum verður ákveðið hver framvinda málsins verði.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er líklegast að Biva verði jafnskjótt og auðið er sett í söluмeðferð samhliða því að samið verði við aðra kröfuhafa.

Fyrri eigendur Biva eru Odin Equiti Partners og Dania Capital. Hjá félaginu starfa um 350 manns. - óká

# Guðjón stofnar Hugmyndaráðuneyti

„Mér hefur fundist vanta vettvang fyrir fólk til að hittast í raunveruleikanum og mynda tengsl," segir Guðjón Már Guðjónsson, frumkvöðull og leiðbeinandi, löngum kenndur við Oz.

Hann stofnaði á dögunum Hugmyndaráðuneyti þar sem einstaklingar í frumkvöðlahug geta komið saman og sáð fræjum sínum óháð stofnunum og fyrirtækjum samhliða því að fræðast um starfsemi annarra.

Stofnfundur ráðuneytisins var haldinn á Thorvaldsenbar á laugardag og mættu fimmtíu manns. Næstu fundir verða haldnir hvern laugardag í næstu óskilgreindu framtíð en þar munu forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja og samtaka halda stutta tölu áður en menn ræða málin.

Guðjón segir mikilvægt að hafa fundina stutta og leggja áherslu á tengslanetið þar sem fundargestir geti lært og nýtt sér reynslu annarra.



Upplýsingar um næsta fund er að finna á hugmyndaraduneyti.is. - jab

ERU VIÐSKIPTAGÖGNIN ÞÍN ÖRUGG?
Komdu með gögnin þín til EJS í hýsingu

VEITUM AÐGANG AÐ
• Viðskiptahugbúnaði
• Tölvupósti
• Skjölum
• Gagnagrunnum

AUÐVELT Í NOTKUN
• Vinnulag þitt breytist ekki
• Aðgengi að gögnum hvaðan sem er
• Kostnaður verður þekktur og fyrirsjáanlegur
• Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi

ÖRYGGI OG TRAUST
• Gögnin þín eru afrituð daglega
• Gögnin eru geymd í fullkomnum hýsingarsal EJS
• Kerfið er rekið af sérfræðingum
• Ekkert sumarfrí eða veikindaorlof
• Sjáum um allt tölvuumhverfið þitt

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000
EJS

# Fjárhagsstaða fyrirtækja hefur versnað

## Fjöldi fyrirtækja á vanskilaskrá




Síðustu mánuðir hafa verið íslenskum fyrirtækjum erfiðir. Ástandið hefur leitt til þess að mikil fjölgun hefur orðið á skráningu fyrirtækja á vanskilaskrá og áhætta reikningsviðskipta því aukist.
**Með því að nýta ráðgjöf og þjónustu Creditinfo getur þú lágmarkað þína áhættu.**

*Fáðu greiningu á hversu áhættusamir viðskiptavinir þínir eru og tillögur að næstu skrefum. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni **www.creditinfo.is** og hjá ráðgjöfum okkar í síma **550 9600**.*

CREDITINFO ÍSLAND
UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík • Sími: 550 9600 • www.creditinfo.is

PIPAR • SÍA • 82374

# Félagsleg lán *eru ekki rót vandans*

Bandarísku fasteignalánasjóðirnir Fannie Mae og Freddie Mac hafa verið í brennipunkti fjármálakreppunnar. Spurningar hafa vaknað um ábyrgð þeirra á hruninu. Einnig hefur verið horft til laga sem skylduðu banka til að veita minnihlutahópum fasteignalán. **Magnús Sveinn Helgason** skoðar þessa gagnrýni sem komið hefur víða fram, jafnt hér sem í Bandaríkjunum.

Síðan lánsfjárblaðran sprakk hefur töluvert verið deilt um hverjir beri pólítíska ábyrgð á ástandinu. Stjórnvöld eru sökuð um að hafa sofnað á verðinum og leyft fjármálastofnunum og óábyrgum peningamönnum, hvort heldur það eru útrásarvíkingar eða fjárglæframenn á Wall Street, að byggja spilaborgir á ævintýralegri skuldsetningu. Hrun spilaborganna hafi síðan bitnað á öllum almenningi, traust hafi horfið úr fjármálakerfinu, og enginn treyst öðrum.

Í Bandaríkjunum hefur spjótum einnig verið beint að hálfopinberu fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac, en mörgum repúblikönum hefur verið mjög uppsigað við sjóðina, enda hafa þeir notið ýmissa skattfríðinda og afsláttar á reglum sem gilda um aðrar fjármálastofnanir, gegn því að þeir vinni að ýmsum félagslegum markmiðum.

Gagnrýnin á Fannie Mae og Freddie Mac hefur jafnvel borist inn í þjóðfélagsumræðu hér á landi. Franski frjálshyggjuhugsuðurinn Henry Lepage flutti fyrirlestur á vegum RSE í Þjóðminjasafninu 2. október í fyrra þar sem hann hélt því fram að þeir bæru meginábyrgð á fjármálakreppunni. Lepage hélt því fram að þeir hefðu frá því á miðjum tíunda áratug síðustu aldar, vegna þrýstings frá stjórnvöldum í tíð Bills Clinton, aukið kaup sín á fasteignalánum minnihlutahópa.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands, hélt hinu sama fram í grein í Fréttablaðinu síðar í október, en þar segir hann að rætur kreppunnar liggi „ekki á Wall Street, heldur í Hvíta húsinu. Bandarískir húsnæðislánasjóðir, sem störfuðu við ríkisábyrgð og rýmri reglur en bankar, veittu lán til fólks, sem bersýnilega gat ekki staðið í skilum“.

**SANNLEIKSKJARNI Í GAGNRÝNI**

Nánast allir hagfræðingar eru sammála um að Fannie Mae og Freddie Mac beri sinn skerf af ábyrgðinni, enda auðvelduðu þeir fasteignalán með því að dæla fé inn á eftirmarkað með fasteignalán og gera viðskipti með „verðbréfuð“ fasteignalán auðveldari. Það er þó mikilvægt að halda nokkrum hlutum til haga þegar rætt er um hlut þeirra.

Í fyrsta lagi voru sjóðirnir alfarið í einkaeigu og í raun ákveðin ónákvæmni fólgin í því að tala um að þeir séu „opinberir“. Þeir störfuðu hins vegar samkvæmt sérstökum lagaákvæðum og um þá giltu mun rýmri reglur en um aðrar fjármálastofnanir. Þá er rangt að þeir hafi haft ríkisábyrgð. Í lögum var skýrt tekið fram að svo væri ekki. Reynslan hefur þó sýnt að svo var, en í ljós hefur komið að ríkið hefur neyðst til að gangast í ábyrgðir fyrir skuldir allra stórra fjármálafyrirtækja. Að lokum veittu Fannie Mae og Freddie Mac engin lán – hlutverk þeirra var alfarið á eftirmarkaði, þar sem þeir keyptu verðbréfuð húsnæðislán af bönkum.

**ÓSKYLD MÁL**

Í gagnrýninnni á Fannie Mae og Freddie Mac er í raun blandað saman tveimur óskyldum málum. Annars vegar er starfsemi sjóðanna sjálfra og hins vegar er vísað til laga sem sett voru í tíð Jimmy Carter, The Community Reinvestment Act (CRA). Þessi lög áttu að koma í veg fyrir að bankar mismunuðu lántakendum eftir kynþætti, en þau kváðu á um að bankar yrðu að bjóða öllum viðskiptavinum sínum upp á alla bankaþjónustu, og þar með yrðu þeir að lána til fasteignakaupa í öllum þeim borgarhverfum þar sem þeir starfræktu útibú.

Á tíunda áratugnum, í valdatíð Bills Clinton, voru þessar reglur hertar. Hugmyndin var sú að snúa mætti við vítahring fátæktar og niðurníðslu í borgarhlutum sem byggðir voru svertingjum með því að fjölga þeim sem ættu hús sín sjálfir. Fólk sem býr í húsum sem það á sjálft er líklegra til að halda þeim við og er um leið líklegra til að leggja vinnu í fegrun hverfisins.

Gagnrýni bandarískra hægrimanna að undanförnu hefur verið sú að þessi lög hafi „neytt“ banka til að lána „undirmálsfólki“ – þar með hafi bankarnir setið uppi með undirmálslán. Orsök fjármálakreppunnar sé því ekki skortur á reglum, heldur of mikið af reglum og vanhugsuð velferðarstefna.

Þessi gagnrýni hefur þó átt litlum vinsældum að fagna annars staðar en lengst til hægri innan Repúblíkanaflokksins, og þá sérstaklega meðal afturhaldssinnaðra hægrimanna. Mörgum Bandaríkjamönnum þykir gagnrýnin lykta af kynþáttafordómum, enda hefur oft verið grunnt á kynþáttafordómum þegar talað er um að lántaka „undirmálsfólks“ og minnihlutahópa sé orsök fjármálakreppunnar. Þannig talaði Henri Lepage í fyrirlestri sínum um lán til „negra“ og Michelle Bachmann, sem vakti nýverið athygli fyrir að krefjast þess að fram fari rannsókn á „and-amerískum viðhorfum“ þingmanna demókrata, sagði að Clinton hefði gert þau reginmistök að hafa reynt að halda að hægt væri að lyfta svertingjum upp í millistéttina með því að hvetja þá til fasteignakaupa.

**RANNSÓKNIR SÝNA AÐ FANNIE OG FREDDIE ERU SAKLAUS**

Á fundi eftirlits- og endurskoðunarnefndar Bandaríkjaþings í lok október höfnuðu Christopher Cox, yfirmaður fjármálaeftirlits Bandaríkjanna, Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri og John Snow, fyrrverandi fjármálaráðherra í ríkisstjórn Bush, þeirri hugmynd alfarið að Fannie Mae og Freddie Mac hefðu valdið lánsfjárkreppunni, þótt þeir bæru, líkt og aðrar fjármálastofnanir, sinn skerf ábyrgðar.

Rannsóknir hafa sýnt að hvorki fasteignalánasjóðirnir né The Community Reinvestment Act báru ábyrgð á undirmálslánakrísunni, hvað þá lánsfjárkreppunni.

Hlutdeild Fannie og Freddie í fasteignalánamarkaðnum skrapp saman á árunum 2002 til 2007 þegar blaðra myndaðist á fasteignamörkuðum. Sérstaklega minnkaði hlutdeild þeirra eftir 2003 þegar verð tók að hækka hvað hraðast. Þenslan í útlánum til fasteignakaupa var fyrst og fremst knúin áfram af fjárfestingabönkum sem sóttu inn á fasteignalánamarkaðinn með skuldvafningum fasteignalána, sem síðar hafa breyst í „eitruð“ og óseljanleg verðbréf. Fjárfestingabankar á borð við Lehman Brothers „verðbréfuðu“ tvo þriðju hluta allra fasteignalána á markaði í Bandaríkjunum á hátindi fasteignablöðrunnar.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að langflest „undirmálslán“ voru veitt af fyrirtækjum sem ekki heyrðu undir CRA-lögin, en þau




## Að veðja á veikingu krónunn

Fyrir þremur árum ritaði undirritaður grein í félagi við Jón Daníelsson sem bar hið þýða nafn; „Countercyclical Capital and Currency Dependence“. Greinin birtist í Financial Markets, Institutions and Instruments í desember 2005. Boðskapur greinarinnar var í stuttu máli sá að skylda ætti banka með lögum að taka skortstöður í sínum heimagjaldmiðli, það er alla banka í litlum opnum hagkerfum með sjálfstæða mynt. Stærð skortstöðunnar átti að miðast við hlutfall erlendra eigna af efnahagsreikningi viðkomandi banka þannig að ef 70% af eignum bankans voru gengisbundnar ætti skortstaðan að vera 70% af eigin fé. Þessi grein hefur verið kynnt á nokkrum ráðstefnum ytra og hlotið góðan róm.

Ástæðurnar fyrir þessari tillögu okkar Jóns voru nokkrar. Ef eigið fé er allt í krónum en erlendir liðir fylla stóran hluta efnahagsreiknings þá mun gengisfall lækka eiginfjárhlutfall bankans þar sem erlendir liðir hækka í krónum talið en eigið féð stendur í stað. Þannig getur gengisveiking sett rekstur þeirra banka í hættu sem stunda erlenda lánastarfsemi eða eiga gengisbundin lán. Því er skortstaða gjaldmiðilsins til þess að tryggja eiginfjárhlutfallið ekki aðeins eðlileg ráðstöfun heldur beinlínis skylda bankastjórnenda. Aukinheldur, kemur skortstaða gegn heimagjaldmiðli í veg fyrir að bankinn geti stundað vaxtamunarviðskipti sér í hag eða hagnýtt sér hækkun á eiginfjárhlutfalli sem gengisstyrking hefði ella skapað til aukinna útlána eða stöðutöku á fjármálamarkaði. Loks, mun þessi ráðstöfun auka áhrifamátt peningamálastefnu Seðlabankans þar sem hækkun vaxta ásamt hækkun á gengi krónunnar mun sjálfkrafa minnka hagnað bankanna og hemja útlán þeirra. Mjög svipuð rök er hægt að færa fyrir skortstöðum fjárfestingafélaga sem eiga í íslenskum félögum, sérstaklega ef það er haft í huga að lækkun á verði hlutabréfa og lækkun á gengi krónunnar hefur yfirleitt fylgst að hérlendis.

Svo fór að allir bankarnir þrír gripu til þessa
ráðs til þess að verja e
skortstöðum þótt þeir va
Kaupþing til að mynda
ir þegar árið 2005. Sá se
viss að téðar eiginfjárva
til varnar fjármálastöðu
þótt það dygði því miðu
voru teknar með fullri vi
Íslands sem skildi vel h
þeim, enda hefðu banka
ræðum fyrr á þessu ári e
við. Af þeim sökum verð
sérstakan saksóknara til
skortstöður sem áttu sér
og voru gefnar upp dagl
þess að birtast reglulega
eftir hvern fjórðung. Enn
legar þær staðhæfingar
fallið vegna þess að eink
gegn henni eða að skorts
talist einhver sérstök fó

**AF HVERJU FÉLL KRÓNAN**

Það er engum blöðum u
krónunnar var haldið allt
árum með háum stýrivöx
hágengi hélt uppi fölsku
sem hvatti áfram einkan
legt þjóðhagslegt ójafnv
er nam tugum prósenta a
skiptahallinn var aftur á
erlendri skuldasöfnun. E
mars síðastliðnum var þa
urinn með framvirka gja
af. Sá markaður hafði ve
stöðutöku erlendra fjárfe
af vegna þess að bankar
ur fjármagna erlend vax
verri fjármögnunarskily
var ekki lengur hægt að
ann með áframhaldandi e

**SILFURSMÍÐI** fyrir byrjendur er eitt af þeim námskeiðum sem kennt verður í Tækniskólanum nú á vorönn. Námskeiðin verða tvö og fyrra námskeiðið hefst 19. janúar en hið seinna 16. mars. Kennt er á mánudagskvöldum frá 18.00 til 21.40.





FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447









Sagt er að þeir sem kasti peningi í gosbrunninn Fonda di trevi, sem Tinna stendur við, muni koma aftur til Rómar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Aftur og aftur til Rómar

**Tinna Pétursdóttir hefur ferðast heimshorna á milli en kann sérstaklega vel við sig í Róm og Amsterdam. Róm er tvímælalaust fegursta borg sem hún hefur komið til en Amsterdam með þeim skemmtilegri.**

Tinna Pétursdóttir, nuddari hjá Hreyfingu, hefur bróðurpart ævinnar verið búsett í Lúxemborg ef frá eru talin nokkur ár í Ameríku og á Íslandi. Frá Lúxemborg er hægt að verða sér úti um ódýrt flug til hinna ýmsu heimshorna auk þess sem auðvelt er að skreppa á bíl yfir til nærliggjandi landa. Þessa ferðamöguleika hefur Tinna nýtt sér þegar hún hefur átt lausa stund frá námi og vinnu þó að hún hafi yfirleitt nýtt lengri frí til að heimsækja ættingja og vini á Íslandi.

Hún hefur komið víða við en nokkrir þriggja daga skreppitúrar til Rómar og Amsterdam standa upp úr. „Róm er tvímælalaust fallegasta borg sem ég hef nokkurn tímann komið til og hef ég þó ferðast mikið um Þýskaland, Frakkland og Ameríku svo dæmi séu tekin,“ segir Tinna. „Mér finnst saga borgarinnar og byggingarlistin sérstaklega heillandi. Þá er stutt á milli sögufrægra staða og er hæglega hægt að ganga á milli. Ég hugsa að það sé til dæmis ekki nema tuttugu mínútna spölur frá Colosseum að Fonda di trevi en að þeim brunni fer ég alltaf. Sagan segir að þeir sem kasti peningi í brunninn eigi afturkvæmt til Rómar og passa ég upp á það að vera með smámynt í vasanum þegar ég geng þar hjá,“ segir Tinna.

Hún segir allra merkilegast að skoða Vatíkanið og að það sé jafn tilkomumikið að innan sem utan. „Ég dró mömmu mína upp fimm hundruð tröppur í hæsta turninn og sé ekki eftir því.“ Tinna var óheppin með matinn sem hún bragðaði í fyrri heimsókn sinni til borgarinnar en gætti þess að biðja heimamenn um að benda sér á góða staði þegar hún kom þangað síðar með kærastanum. Það gaf betri raun.

Í þau skipti sem Tinna hefur farið til Amsterdam hefur hún farið akandi en þangað er um fjögurra tíma akstur frá Lúxemborg. „Þegar ég fer í svona frí finnst mér skemmtilegast að detta um eitthvað óvænt og hef ég til dæmis verið mun heppnari með veitingastaði í Amsterdam en í Róm. Ég og kærastinn minn römbuðum inn á stað sem heitir Dim Sum Palace en þar fékk ég besta kínverska mat sem ég hef smakkað. Þegar við komum aftur tveimur árum seinna var það okkar fyrsta verk að fara þangað aftur. Þá rákumst við á argentínska steikhúsið La Boca og þar fékk ég bestu steik sem ég hef bragðað.“

Tinna segist ófeimin við að spyrja heimamenn hvað sé best að skoða og gera þegar hún kemur á nýjan stað. „Það er sérstaklega mikilvægt ef maður hefur skamman tíma til stefnu. Þá tímir maður eiginlega ekki að gera mörg mistök.“

*vera@frettabladid.is*





**MÁLASKÓLINN LINGVA** býður upp á fjölda tungumálanámskeiða, meðal annars í spænsku, ítölsku, ensku, grísku, kínversku og arabísku. Námsgjöld á vorönn hafa ekki hækkað síðan í haust og endurgreiða stéttarfélög hluta þeirra.

# Líf unglingsins er flókið

**Nútímaunglingurinn stendur frammi fyrir flóknum og afdrifaríkum ákvörðunum á hverjum degi. Í haust fór af stað tilraunakennsla í lífsleikni fyrir unglinga sem Elín María Björnsdóttir setti saman.**

„Lífsleikninámskeiðið snýst um að hjálpa krökkunum að átta sig á eigin ábyrgð, eigin vægi og ákvarðanatöku,“ útskýrir Elín María Björnsdóttir kennari við opna háskólann í Háskóla Reykjavíkur. Elín kennir hundrað unglingum í Valhúsaskóla, Áslandsskóla og Garðaskóla hvernig þeir geta byggt sig upp til að takast á við áskoranir sem mæta þeim í daglegu lífi.

„Hópþrýstingur er alltaf gífurlegur og þarna fá krakkar tæki til að eiga við aðstæður einir og óstuddir. Foreldrar eða kennarar eru ekki alltaf við hlið þeirra þegar afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar. Þetta snýr bæði að náminu og félagslegum þáttum, forvörnum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, kynlífi og fleiru. Besta forvörnin er að barnið sjálft beri ábyrgð og hafi kjark og þor til að taka eigin ákvarðanir og segja nei.“

Námsefnið sem Elín styðst við er byggt á bandarísku kerfi í stjórnunartækni „Seven habits for highly effective people“. Fyrir nokkrum árum kom út efni sniðið fyrir unglinga sem kveikti áhuga Elínar á að laga það að íslensku skólakerfi.

„Ég veit hversu brýnt þetta er en ég er kennari í grunninn og unglingar hafa alltaf verið sérlegt áhugamál mitt. Líf unglings er flókið og líf foreldranna er líka flóknara en það var hér áður fyrr. Ég ræði við krakkana um samskiptin við foreldrana og kem til með að hitta foreldra allra krakkanna í vetur. Kennslan hófst í haust og í vor verður gerð rannsókn og greining á hvernig til tókst en það hefur gengið ótrúlega vel og einstakt að sjá árangurinn hjá krökkunum bara eftir fjóra mánuði.“

Eftir vinnu vetrarins gerir Elín ráð fyrir að kennsluefni liggi fyrir sem henti íslenskum skólum og kennarar geti tekið réttindi á námskeiðið til kennslu. „Ég mun miðla af reynslu minni í vetur, en ég sé strax, miðað við árangurinn, að þetta er komið til að vera í námskrá íslenskra skóla.“

heida@frettabladid.is



Unglingar verða fyrir miklum hópþrýstingi og þurfa að læra að takast á við áskoranir í daglegu lífi. Elín María Björnsdóttir er kennari á nýju námskeiði í lífsleikni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Nokkur hús Menntaskólans í Reykjavík bera sérkennileg nöfn. Þar má nefna: Íþaka, Fjósið, Casa Christi, Casa nova, Villa nova og Elísabetarhús.

www.mr.is




**TILBOÐ**
Dömustígvél á tilboðsverði:
Verð: 3.500. og 7.500.-

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



## Námskeið

**Hekl**: 5 kvöld.
Janúar námskeið hefst mánud. 19. jan.
Seinna námskeið hefst mánud. 23. feb.
**Harðangur og klaustur**: 5 kvöld.
Janúar námskeið hefst miðvikud. 21. jan.
Seinna námskeið hefst miðvikud. 25. feb.
*Kennt er í Grafarvogi.*
Upplýsingar í síma: 588 5171 / 862 2039

## BRIDS SKÓLINN



*Byrjendur* ... 26. janúar ... tíu mánudagar frá 20-23
*Framhald* ... 28. janúar ... átta miðvikudagar frá 20-23

- Bridsskólinn býður jafnaðarlega upp á námskeið fyrir byrjendur og fjölbreytt framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja auka kunnáttuna. Framhaldið er nú með nýju sniði, þar sem höfuðáherslan er á spilamennsku.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, Síðumúla 37 í Reykjavík.
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá ennfremur á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Uppl. og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.





**FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ**
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Comptoir de Famille

Nóra



teg. KARA - glæsilegur og haldgóður í D,DD,E,F,FF,G,GG,H,H H,J,JJ,K á kr. 8.985,-"
**Misty**
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

VÍSIR.IS
*„...ég sá það á vísi“*

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**



# Skíðaferðir á Tröllaskaga

**Þyrluskíðaferðir á Tröllaskaga eru nýjung í ferðaþjónustu á Íslandi. Í vor ætlar Jökull Bergmann fjallaleiðsögumaður að bjóða upp á þær eins og fram kemur á nýrri heimsíðu hans www.bergmenn.com.**

„Í þyrluskíðaferðum er hægt að fara þangað þangað sem snjórinn er. Fólk er ekki bundið af því að keyra í bíl og síðan labba langar leiðir,“ segir Jökull og fullyrðir að meira en nógur snjór sé á Tröllaskaganum til að skíða allan ársins hring. „Ég fékk nokkra erlenda sérfræðinga hingað í fyrravor. Þá var gerð frumathugun á möguleikum þess að bjóða upp á þetta sport hér á landi og nú í maí hefst fyrsta alvörutímabilið.“

Þyrluskíðaferðir hljóta að teljast dýrt sport. Býst hann við eftirspurn eftir þeim? „Þær eru að minnsta kosti mjög vinsælar í Kanada og Alaska þar sem fleiri þúsund manns stunda þessa grein yfir hávertíðina. Stærstu fyrirtækin eru með yfir tuttugu vélar í loftinu á dag,“ segir Jökull og kveðst hafa gert sérstakan samning við fyrirtækið Norðurflug sem á síðasta ári hafi fengið til landsins hina fullkomnu þyrluskíðavél sem taki fyrir einn leiðsögumann og fjóra gesti.

Jökull Bergmann ber nafn með rentu. Hann er frægur fjallaleiðsögumaður og nú hefur hann náð sér í alþjóðlega gráðu í þeirri grein við háskóla í Kanada. Það er heilmikill stimpill enda krafist gríðarlegrar hæfni í klettaklifri, ísklifri, skíðaferðum og fjallamennsku almennt. „Ég tók réttindin samhliða diplómagráðu í afþreyingarferðamennsku,“ segir Jökull sem starfar mikið í Kanada meðal annars við þyrluskíðaleiðsögn.



Eitt af því sem heillar við Eyjafjarðarsvæðið er að þar er hægt að skíða úr þúsund metra hæð niður í fjöru. MYNDIR/ÚR SAFNI JÖKULS BERGMANNS

Tröllaskaginn og Hulduland, austan Eyjafjarðar draga hann þó ávallt til sín aftur. „Eitt af því sem þar heillar er að hægt er að skíða úr þúsund fallmetrum niður í fjöru. Útlendingum finnst það staðar í heiminum hægt að ganga alveg rosalegt enda hvergi annars að því vísu. Svo er líka hægt að skíða í miðnætursól.“

Jökull sinnir fjallaleiðsögn um Tröllaskaga frá gistiheimilinu Klængshóli í Skíðadal. Þar segir hann líka fullkomna staðsetningu fyrir þyrluna. „Frá Klængshóli er tveggja mínútna flug í 1200 metra brekku. Það er varla hægt að biðja um meira.“



Jökull Bergmann nældi sér nýlega í alþjóðlega fjallaleiðsögumannsgráðu.

*gun@frettabladid.is*







## Fréttablaðið stendur upp úr

**Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.



GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir







Heimsferðir bjóða tvær helgarferðir til Búdapest í beinu flugi í vor, sjöunda árið í röð. Vorið er einstakur tími til að heimsækja borgina, borgin einstaklega falleg og iðandi af lífi. Búdapest stendur á einstökum stað við Dóná og er vafalítið ein af helstu borgarperlum Evrópu. Borgin skartar stórfenglegum byggingum, listaverkum og sögulegum minjum. Í Búdapest er menningarlífið og mannlífið í blóma og hér er frábært að njóta góðra veitinga og kynnast þessari heillandi og fögru borg í fylgd fararstjóra Heimsferða sem gjörþekkja hana. Um tvær eftirsóttustu ferðahelgar vorsins er að ræða; annars vegar helgina yfir sumardaginn fyrsta og hins vegar helgina yfir 1. maí. Nú er um að gera að bóka strax og tryggja sér sæti!

**Mjög eftirsóttar ferðahelgar**
1. sumardagur og 1. maí
**Tryggðu þér sæti strax!**

**Verð kr. 64.990**
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Netverð á mann.

**Verð kr. 79.950**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ibis Váci út eða Hotel Platanus, 23. eða 30. apríl í 3 nætur með morgunverði.

**Bókaðu beint á www.heimsferdir.is**

ENNEMM / SIA • NM36575

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ríkissjóður tekur á sig gífurlegar kröfur Seðlabankans á fjármálafyrirtækin vegna endurhverfra viðskipta.

# *Baneitruð ástarbréf*

**Björn Ingi Hrafnsson**

Hinn 21. október síðastliðinn skýrði Fréttablaðið frá því í forsíðufrétt, að svo gæti farið að stærstur hluti krafna Seðlabankans vegna veðlána í endurhverfum viðskiptum gæti tapast:

„Svo virðist sem langstærstur hluti lánakrafna Seðlabanka Íslands í endurhverfum viðskiptum við banka og fjármálastofnanir hér á landi hafi tapast við hrun bankanna síðustu daga. Við meðferð skilanefnda Landsbankans, Glitnis og Kaupþings yfir í ný félög urðu kröfur Seðlabankans eftir í gömlu félögunum og má væntanlega afskrifa þær að mestu eða öllu leyti. Gríðarlegar kröfur hvíla aukinheldur á öðrum fjármálastofnunum, einkum þó Icebank – nýja Sparisjóðabankanum – vegna samskonar viðskipta og gegn veðum í öðrum bönkum sem eru orðin verðlítil. Heimildir Fréttablaðsins herma að þær nemi vart undir 150 milljörðum króna, eða fimmtánföldu eiginfé Icebank. Samanlagt tap Seðlabankans og þar með íslenska ríkisins vegna þessara viðskipta gæti því numið um 300 til 350 milljörðum króna.“

Í fréttinni kom jafnframt fram, að gríðarlegt útlánatap Seðlabankans af þessum sökum veikti mjög fjárhagslega stöðu hans og Alþingi þyrfti jafnvel að leggja honum til umtalsvert nýtt fé á næstunni. Eigið fé Seðlabankans var í árslok 2007 um 91 milljarður króna.

Seðlabankinn brást við frétt blaðsins með yfirlýsingu 21. október þar sem sagði að bankinn leitaðist, eins og aðrir seðlabankar, við að auðvelda starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja með fyrirgreiðslu sinni í þeirri fjármálakreppu sem riðið hefði yfir heiminn. „Seðlabankinn fylgdi í því efni fordæmi annarra seðlabanka og jók fyrirgreiðslu sína og þar með áhættu. Hann gekk þó ekki jafn langt og þeir seðlabankar sem lengst gengu,“ sagði enn fremur í yfirlýsingunni.

Þetta er fróðlegt að rifja upp nú þegar fréttir berast af því að samkomulag hafði náðst í fyrradag um framsal krafna Seðlabankans á fjármálafyrirtæki til ríkissjóðs. Í stuttri tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu, sem sannarlega lætur ekki mikið yfir sér, segir:

„Á grundvelli heimildar í fjáraukalögum fyrir árið 2008 sem samþykkt var á Alþingi 22. desember sl. var í dag gert samkomulag um að Seðlabanki Íslands framselji ríkissjóði kröfur á fjármálafyrirtæki að fjárhæð 345 milljarðar króna. Gegn yfirtöku krafnanna greiðir ríkissjóður 270 milljarða króna með verðtryggðu skuldabréfi til 5 ára, með 2,5 prósent ársvöxtum.“

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Jú, Seðlabankinn hefur metið það svo að kröfur hans á hendur fjármálafyrirtækjunum vegna þessara veðlána séu verðlausar að mestu ef ekki öllu leyti. Jafnframt að hann yrði að ganga mjög hart fram í að reyna að innheimta það sem hann gæti af þessu kröfum og keyra þá væntanlega flest þau fjármálafyrirtæki sem eru enn uppistandandi í þrot. Þess vegna er farin sú leið að fjármálaráðuneytið yfirtaki kröfurnar, því það hefur frjálsari hendur um samninga og afskriftir en Seðlabankinn.

Fróðlegt verður að fylgjast með framhaldi þessa máls. Mun fjármálaráðuneytið láta sverfa til stáls gegn fjármálafyrirtækjum sem það á kröfur á? Verður farið út í hreinar og beinar afskriftir gegn þessum tilteknu fyrirtækjum? Ef svo er, er þá ekki komið fordæmi um skuldaniðurfellingu og afskriftir fyrir önnur fyrirtæki í landinu sem glíma nú við gríðarlega skuldsetningu og algjöran skort á hvers konar lánsfjármagni?

Það er of ódýr leið að gagnrýna banka og fjármálastofnanir fyrir að hafa nýtt sér aðgang að „ástarbréfum“ Seðlabankans með þessum hætti. Auðvitað nýttu menn sér aðgang að fjármagni, úr því hann var í boði. Jafnljóst er að Seðlabankinn verður ekki einn dreginn til ábyrgðar, því hann var vitaskuld að reyna eftir fremsta megni að sinna hlutverki sínu sem banki bankanna og var, ef eitthvað er, harkalega gagnrýndur fyrir að ganga ekki nógu rösklega fram í þeim efnum.

En þegar allt er tekið saman, fer auðvitað ekki milli mála að ástarbréfin reyndust eitruð blanda þegar upp var staðið. Allir aðilar málsins bera þar mikla ábyrgð.

bjorn.ingi@markadurinn.is I ingimar@markadurinn.is I jonab@markadurinn.is I olikr@markadurinn.is




# Horfur í verslun á árinu 2009

Mikill samdráttur hefur orðið í smásöluverslun að undanförnu. Dagvöruverslun var 10,4 prósentum minni að raunvirði nú í desember en í sama mánuði árið 2007, þótt það sé sú tegund smásöluverslunar sem er einna ónæmust fyrir verðlagsáhrifum því neysla á mat og drykkjarvöru og öðrum nauðsynjum breytist venjulega hægar en neysla á sérvörum eins og fötum, húsgögnum og raftækjum. Velta í jólamánuðinum dróst mun meira saman í sérvöruverslun en í verslun með dagvöru. Þannig var 51,3 prósenta samdráttur í húsgagnaverslun milli ára, um 22,8 prósenta minni sala í fötum og 22,6 prósenta minni sala í skóverslun, allt mælt að raunvirði.



**Í VERSLUN WAL MART Í BANDARÍKJUNUM** Greinarhöfundur segir töluverða óvissu ríkjandi um hver verði þróun smásöluverslunar hér á þessu ári.

**ORÐ Í BELG**

**Emil B. Karlsson**
forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar.



### HVERT STEFNIR Á ÁRINU?

Töluverð óvissa er um hvaða áhrif samdrátturinn hefur, hvaða verslanir muni standa af sér kreppuna og hverju þær þurfi að breyta til að lifa af. Þó er nokkuð víst að neyslumunstrið mun breytast. „Hin hagsýna húsmóðir“ mun taka öll völd og birtast í ýmsum myndum; bæði hjá körlum og konum, ungum sem gömlum.

Verslun er mjög næm fyrir öllum efnahags- og neyslubreytingum. Nú hafa fimmtíu stærstu smásöluverslunarfyrirtæki í Evrópu ákveðið að halda fund í Bremen í Þýskalandi 20. janúar næstkomandi til að ræða stöðu fyrirtækjanna í fjármálakreppunni og hvort hægt sé að grípa til sameiginlegra ráðstafana til að verja fyrirtækin. Einnig verða á fundinum fulltrúar stjórnvalda og hagsmunaaðila.

### BREYTT NEYSLUHEGÐUN

Ætla má að viðmiðin breytist í þá átt að fábreytni verði flott og íburður aulalegur. Það er orðið að orðatiltæki að hvers konar tískuprjál og munaður sé „eitthvað svo 2007“, til merkis um að nú sé komið að því að endurskoða gildin sem ríktu á þenslutímanum á síðasta ári. Normin eru að breytast, viðmiðin önnur og tískan lýtur öðrum lögmálum en áður. Þetta gæti haft í för með sér að vinsælla verði að kaupa endingargóða vöru á hagstæðu verði frekar en vinsælasta tískumerkið. Þannig leiði hinn nýi tíðarandi kannski til þess að allir íslenskir unglingar þurfi ekki endilega að ganga í sömu tegund tískufatnaðar heldur reyni hver sem betur getur að gera „góð kaup“.

Viðskipti hafa færst í auknum mæli yfir í lágvöruverðsverslanir þegar kreppir að í fjárhag heimilanna. Merkjanlegt er að sælkeraverslunum og „betri“ matvöruverslunum hefur fækkað á kostnað lágvöruverðsverslana. Samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri Hagstofunnar var 118% vöxtur í veltu sérverslana með mat og þess háttar, sem eru meðal annars sælkeraverslanir, á árunum 2001 til 2007. Nú er hins vegar allur vöxtur í lágvöruverðsverslunum og ætla má að þú þróun haldi áfram.

### HAGRÆÐING Í REKSTRI

Af þessu mætti ætla að öll samkeppni í verslun muni snúast um að lækka verð eins mikið og framast er unnt. Og vissulega má gera ráð fyrir því að hagræðing og endurskipulagning eigi sér stað til að lækka kostnað sem endurspeglast í verði. En þar geta einnig komið til aðrir mikilvægir þættir í endurskipulagningunni. Mikilvægast fyrir þá sem reka verslanir er að hlusta á vilja og þarfir neytenda. Það getur því skipt neytendur jafnmiklu máli hver staðsetning verslunar er og að vöruverð sé lágt, eða hvernig samsetning á vöruvalinu er þannig að hægt sé að ganga frá sem mestum innkaupum í einni ferð, eða þá að fá góða þjónustu og góðar leiðbeiningar.

Mikið er rætt og ritað í erlendum fagritum um verslun að umhverfismál og sjálfbær þróun fái aukið vægi í verslun. Það á fyrst og fremst við um vöruframboð en einnig ýmsa þætti sem lúta að samfélagslegri ábyrgð fyrirtækjanna. Á árinu 2009 munu verslanir áfram keppa sín á milli í verði, en þá er mikilvægt að gleyma ekki öðrum þáttum sem geta bæði skipt verslunina og viðskiptavinina miklu máli.

### NÝJAR TEGUNDIR VERSLANA

Menn hafa oft velt fyrir sér hvers vegna svokallaðar ofurlágvöruverslanir (e. *hard discount stores*) hafi ekki fest rætur hér á landi líkt og í Skandinavíu. Hér er til dæmis átt við verslunarkeðjur eins og Lidl og Aldi, sem bjóða tiltölulega fáar vörutegundir, lágmarksþjónustu og mjög lágt verð vegna hagstæðra magninnkaupa.

Þetta kynni ef til vill að breytast í því árferði sem nú fer í hönd. Einkum hafa verið nefndar þrjár ástæður fyrir því að þessar verslunarkeðjur hafa ekki séð ástæðu til að koma hingað til lands: Ein er sú að markaðurinn er lítill – það mun ekki breytast mikið á þessu ári.

Í öðru lagi skulu nefndar þær viðskiptahindranir sem hér eru við lýði í formi ofurtolla og gjalda á innfluttar landbúnaðarvörur til að vernda innlenda framleiðslu. Þetta gæti breyst með samþykkt Alþingis á samræmdri matvælalöggjöf eins og tíðkast í öðrum Evrópuríkjum og mun leiða til lægra verðs með rýmri möguleikum til innflutnings á matvælum.

Þriðja ástæðan sem nefnd hefur verið fyrir því að ofurlágvöruverslanir hafi ekki ratað hingað til lands er að kaupmáttur Íslendinga sé svo sterkur að lítil eftirspurn sé eftir slíkum verslunum. Þessari hindrun er nú rutt úr vegi með minnkandi kaupmætti, auknu atvinnuleysi og almennum samdrætti. Að þessu leyti ætti að verða gósentíð fyrir þessar verslanir.

### VÖXTUR VIÐSKIPTASÉRLEYFA

Ætla má að sumum verslunum verði lokað vegna þröngrar stöðu á markaði og nýjar og öðruvísi verslanir verði opnaðar í staðinn. Ýmsar hvatningaaðgerðir eru í gangi til að stuðla að nýsköpun og stofnun sprotafyrirtækja og víst er að margir þeirra sem missa vinnuna hafa nokkra viðskipta- og rekstrarreynslu frá fyrri störfum. Þetta fólk gæti nýtt þau tækifæri sem verða til við breyttar markaðsaðstæður í verslun. Dæmi um þetta eru svokölluð viðskiptasérleyfi (*franchise*) verslanir. Í Bandaríkjunum hafa komið fram sterkar vísbendingar um aukinn vöxt í viðskiptasérleyfum á undanförnum mánuðum. Það má rekja meðal annars til þess að minni áhætta er við stofnun slíkra fyrirtækja en hefðbundinna fyrirtækja, vöxtur þeirra er skjótari og auðveldara er að fá áhættufé í sérleyfisfyrirtæki heldur en í hlutafélög.



**ÁTTA GÓÐ RÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA!** Jón Trausti Snorrason, framkvæmdastjóri Allra Átta ehf. www.8.is

# Hollráð við vefsíðugerðina

**1.** Rita skal stutta og hnitmiðaða texta.

**2.** Nota skal línubil, „bullets“, millifyrirsagnir eða efnistengda grafík til að brjóta upp langar málsgreinar.

**3.** Reynt skal að takmarka flettingar notenda með hnitmiðuðum og efnisríkum undirsíðum.

**4.** Skipuleggja skal framsetningu texta svo notandinn finni umbeðnar upplýsingar.

**5.** Mikilvægt er að vísa skipulega á milli undirsíðna með tengdu efni.

**6.** Á forsíðu skal vísa á helstu undirsíður með tenglum (e. links).

**7.** Fara skal vandlega yfir efni síðunnar og fjarlægja óþarfa upplýsingar eða skreytingar.

**8.** Mikilvægt er að hafa lýsandi texta á forsíðu vefjarins en ekki aðeins myndir.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.


* * * * *
„Sólskinsdrengurinn er frábær heimildarmynd sem skiptir máli“
– K.G., FBL
* * * *
„...Besta mynd Friðriks Þórs í langan tíma“
– S.V., MBL
* * * *
„Án efa besta heimildarmynd sem gerð hefur verið af Íslendingum...fullt hús stiga“
– ÓMAR FRIÐLEIFSSON
„Langt síðan maður hefur verið í bíó þar sem klappað er í lok myndar en það er auðvitað lýsandi fyrir áhrifin sem hún hefur á fólk“
– HRUND TRAUSTADÓTTIR
EINHVERFA Í NÝJU LJÓSI
SÓLSKINS DRENGURINN
Heimildamynd eftir Friðrik Þór Friðriksson
Frontier Filmworks
KLIKK PRODUCTIONS
ICELANDIC Film Centre
Nordisk Film & TV Fond
www.solskinsdrengurinn.is
Styrkt af actavis
Sýnd í Háskólabíó og Smárabíó
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**315** ár eru síðan vextir hafa verið jafnlágir í Bretlandi. Þar voru stýrivextir lækkaðir um 0,5 prósentustig fyrir helgi, í 1,5 prósent.

**25** prósenta hlutur í Commerzbank er nú á hendi þýskra stjórnvalda eftir að þau veittu bankanum 10 milljarða evra (1.700 milljarða króna) neyðarlán fyrir helgi.

**47** milljónir dollara, eða rúmir fimm milljarðar króna, er tap Mega Financial, þriðja stærsta fjármálafyrirtækis Taívans, vegna falls íslensku bankanna.

BANKAHÓLFIÐ

## Geitaostur og -mjólk rennur út

Nýliðið ár var metár bæði í framleiðslu kúamjólkur um leið og það var hagstætt framleiðendum geitamjólkur, að því er frá greinir í Bændablaðinu. 3.400 lítrar af geitamjólk voru lagðir inn í MS Búðardal þar sem framleitt er bæði úr geita- og sauðamjólk.

Tvö verkefni tengd geitamjólkurframleiðslu voru styrkt í fyrra og ljóst að annað þeirra að minnsta kosti heldur áfram. Hlýtur það að teljast þjóðhagslega hagkvæmt að ýta undir fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslu um leið og sparast gjaldeyrir þegar keyptur er íslenskur geitaostur sem annars færi í góðkunnan Guðbrandsdalsostinn norska.



## Neyðarlögin mistök

„Öll rök hníga að því að setning neyðarlaganna, svokölluðu, hafi verið mikil mistök," segir Óli Björn Kárason viðskiptablaðamaður á vefritinu AMX. „Með þeim var kippt úr sambandi mörgum grunnreglum réttarríkisins svo sem þeirri að allir skuli sitja við sama borð, óháð stöðu, fjárhag, eða búsetu. Lagasetningin sendi kolröng skilaboð til alþjóðasamfélagsins og jók tortryggni hér heima gagnvart stjórnkerfinu, framkvæmda- og löggjafarvaldinu, sem í einu vetvangi gjörbreytir grunnreglum þjóðfélagsins, líkt og ekkert sé sjálfsagðara."

## Hvað er Ísland fyrir bestu?

Hvað er Íslandi fyrir bestu? er heiti nýrrar bókar um Ísland og Evrópusambandið eftir Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sem bókafélagið Ugla hefur gefið út.

Í bókinni glímir Björn við fjölmargar spurningar, til dæmis um möguleika okkar í gjaldeyrismálum, hvaða aðferðum eigi að beita við töku ákvarðana um Evrópusamstarfið og hver sé staða Íslands í hnattvæðingunni. Í bókinni eru valdar greinar hans um þessi mál frá síðustu árum, en landsfundur Sjálfstæðisflokksins mun, sem kunnugt er, taka spurninguna um aðild að ESB til endurmats á landsfundi sínum nú síðar í mánuðinum.








# Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ

# blað



alla laugardaga

**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Allt sem þú þarft




Gott Fólk

Á Akureyri er farið að snjóa .......



og af því tilefni minnum við íbúa Akureyrar að moka gangveginn að húsum sínum til að auðvelda aðgengi blaðbera Fréttablaðsins að lúgu.

Með fyrirfram þökk,

dreifingardeild Pósthússins

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | posthusid.is



NOKKUR ORÐ

Freyr Gígja Gunnarsson

# Unnið gegn þjóðinni

Mér þykir lítið til yfirmanna þjóðarinnar koma. Ég tala vissulega ekki fyrir hönd þjóðarinnar. Ef marka má opinberar skoðanakannanir þá virðist hún vera mér sammála.

Stjórnamálamenn hafa að undanförnu sett sjálfa sig ofar sannleikanum. Völdin eru þeim meira virði en allt. Íslensku þjóðinni hefur verið fórnað á altari stjórnartaumagyðjunnar.

Erlendir sérfræðingar hoppa hæð sína af kæti yfir hverjum degi sem líður á Íslandi án breytinga. Þeir hafa vart undan að skrifa fræðigreinar um mistökin sem hér hafa verið gerð. Þeir hafa fengið upp í hendurnar besta dæmið um hvernig eigi ekki að stjórna efnahagskerfi. Þeir þurfa ekki lengur að tala í kenningum eða útópískum hugmyndum, þeir geta bent á litlu þjóðina í Norður-Atlantshafi og sagt að þarna sé vítið til varast.



Íslenska efnahagshruninu hefur verið líkt við náttúruhamfarir. Þessar náttúruhamfarir eru víst jafn einstakar og ef það færi að gjósa í Central Park. Eini munurinn er náttúrulega sá að varla er hægt að koma í veg fyrir eldgos í miðborg New York, hruninu á Íslandi er af mannavöldum. Manngerð katastrófa.

Stjórnmálamenn hafa siðferðislegar skyldur sem þeim ber að axla af ábyrgð. Ólíkt fjárglæframönnunum, þótt vissulega hefði verið ákjósanlegra ef þeir hefðu tileinkað sér önnur gildi en græðgi og yfirgang. Kannski er það hins vegar í takt við allt sem á undan er gengið að stjórnmálamenn telja sig undir sömu sök selda og „útrásarvíkingarnir“. Að ábyrgð þeirra sé engin ef ekki tekst að sanna hana fyrir lögum. Slík er blindan.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
www.gitarskoli.is
Gítarnámskeið
Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna hefst 26.janúar.
Gítarkennsla er *okkar fag !*
12 vikur – 40 mínútna tímar – 1 sinni í viku.
**Einkatímar** Verð kr. 47.000.-
**Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is**
**Skráning hafin í síma 581-1281**
Gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is

VEGAGERÐIN

SUÐURLANDSVEGUR
Tvöföldun frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss

Drög að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun eru nú til kynningar fyrir almenning í tvær vikur, til og með 29. janúar 2009, áður en þeim verður skilað inn til formlegrar umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun.

Allir geta kynnt sér tillöguna og lagt fram athugasemdir. Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til verkfræðistofunnar Eflu á netfangið arni.bragason@efla.is með fyrirsögninni “Suðurlandsvegur – tvöföldun – Hveragerði - Selfoss”

Hægt er að nálgast drög að tillögu að matsáætlun á vef Eflu www.efla.is og á vef Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is

Auglýsingasími 512 50 50

# Fólk

folk@frettabladid.is



**> SLÁST UM PENINGA**

Söngkonan **Amy Winehouse** hefur staðfest að hún sé að skilja við eiginmann sinn til tuttugu mánaða, Blake Fielder-Civil. Það var eiginmaðurinn sem fór fram á skilnað og krefst hann helmings auðæfa Winehouse, rúmra 900 milljóna króna.

# Getur valið úr sjö tilboðum

Tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds er afar eftirsóttur þessa dagana af stórum erlendum útgáfufyrirtækjum því hann getur nú valið úr sex til sjö samningstilboðum. „Þetta er ekki mjög langt komið en við erum að spjalla við nokkra,“ segir Ólafur, sem taldi ekki tímabært að tjá sig mikið um samningaviðræðurnar. „Þetta gengur mjög vel,“ segir hann og játar að samningsstaða sín sé góð. Býst hann við því að verða búinn að skrifa undir eftir nokkrar vikur.

Ólafur rifti á síðasta ári samningi sínum við lítið, breskt útgáfufyrirtæki og ákvað að róa á önnur og stærri mið. Miðað við hinn gífurlega áhuga sem er á honum var sú ákvörðun hárrétt.

Ólafur, sem er aðeins 22 ára, fór í hálfsárs tónleikaferð um heiminn á síðasta ári til að kynna sína fyrstu plötu Eulogy for Evolution. Fyllti hann tónleikahallir í yfir tuttugu löndum, þar á meðal Barbican Hall í London. Platan hefur fengið mjög góða dóma og selst í yfir tíu þúsund eintökum.

Ólafur staðfestir að ný plata sé í burðarliðnum. „Ég er búinn að semja nýja plötu og um leið og ég er búinn að semja við útgáfufyrirtæki ætla ég að byrja að taka upp,“ segir hann. **- fb**



**ÓLAFUR ARNALDS** Tónlistarmaðurinn ungi getur valið úr samningstilboðum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**GLÖÐ Í BRAGÐI** André Bachmann og Emilía Ásgeirsdóttir voru glæsileg í Rúgbrauðsgerðinni síðastliðinn föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölmenni í veislu André Bachmann

**Það var góð stemning í Rúgbrauðsgerðinni á föstudagskvöldið, þar sem sextugsafmæli André Bachmann var fagnað undir veislustjórn Sigmundar Ernis Rúnarssonar.**

Vinir, vinnufélagar og fjölskylda André samglöddust honum á stórafmælinu, auk þess sem fjöldi listamanna kom fram, en þar á meðal voru Geir Ólafsson, Sigríður Beinteinsdóttir og Garðar Cortes, en hljómsveitin Hver er Mjallhvít? spilaði undir dansi. **- ag**



**SKIPULEGGJANDINN** Jóhannes Bachmann, bróðir André, og Sigurrós Jónsdóttir. Jóhannes átti mikinn þátt í skipulagningu veislunnar.



**GÓÐ STEMNING** Geir Ólafsson og Bjarni Þór Sigurðsson. Geir tróð upp og tók lagið.



**VEISLUSTJÓRINN** Sigmundur Ernir Rúnarsson var veislustjóri kvöldsins, en hann hefur verið kynnir á jólaballi fatlaðra sem André hefur staðið fyrir um árabil. Hér er Sigmundur ásamt framsóknarmönnunum Samúel Erni Erlingssyni og Óskari Bergssyni.

# Syngja fyrir Obama

Beyoncé, U2 og Bruce Springsteen verða á meðal þeirra sem troða upp á tónleikum í tilefni af vígslu Baracks Obama sem forseti Bandaríkjanna.

Stevie Wonder, Usher, Mary J. Blige og Sheryl Crow syngja einnig á tónleikunum sem verða haldnir í Washington 18. janúar. Tveimur dögum síðar verður Obama vígður sem 44. forseti Bandaríkjanna.

Tónleikahaldarinn George Stevens Jr. segir það hafa komið sér á óvart hversu viljugir tónlistarmennirnir hafi verið til að koma fram. „Á fyrsta degi spurðum við Springsteen, Bono og Garth Brooks og innan 45 mínútna höfðu þeir allir sagt já,“ sagði hann.



**BEYONCÉ** Syngur til heiðurs Barack Obama á tónleikum í Washington.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 14. janúar 2009**

### → Dans



**20.00** Tangókvöld verður haldið á **Kaffitári**, Bankastræti 8. Opinn tími fyrir byrjendur milli kl. 20-21. Aðgangseyrir kr. 500, kennsla innifalin.

### → Fyrirlestrar

**12.00** Er bylting í vændum? **Kjartan Ólafsson** flytur erindi á félagsvísindatorgi, L201 Sólborg, Háskólanum á Akureyri.

**12.05 Hugleiðingar** um bókmenntagervi, veruleika og sannleika úr frá verkum Þórbergs Þórðarsonar. Soffía Auður Birgisdóttir flytur fyrirlestur hjá ReykjavíkurAkademíunni, **JL-húsinu**, Hringbraut 121, 4. hæð.

### → Sýningar

Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu eru meðal annars sýningarnar **Surtsey** – jörð úr ægi, **Handritin** – Saga handrita og hlutverk um aldir og **Síðbúin sýn** sem er sýning á einkaljósmyndum Halldórs Laxness. Opið alla daga frá 11-17, aðgangur ókeypis á miðvikudögum. Nánari upplýsingar www.thjodmenning.is



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


HEILSUFÆÐI

Langhollasti þorramaturinn




Það fara fimm kíló af ferskum roðlausum og beinlausum ýsuflökum í að búa til eitt kíló af Gullfiski. Gullfiskur notar kælda framleiðsluaðferð, sem tryggir að ferskleiki og næringargildi vörunnar heldur sér þótt vatnið sé dregið úr henni.

BÓNUS Veljum íslenskt í Bónus

VELJUM ÍSLENSKT

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN POUNDS D | kl. 530 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS LÚXUS D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| INKHEART | kl. 3.45 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 10.20 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 6.30 - 10 | 12 |
| INKHEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEVEN POUNDS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 6 | L |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN POUNDS | kl. 8 - 10.10 | L |
| AUSTRALIA | kl. 7 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 5.50 | L |
| INKHEART | kl. 5.50 | 10 |
| SAW 5 | kl. 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CHANGELING | kl. 6 og 9 | 16 |
| INKHEART | kl. 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 6 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| CHANGELING | kl. 5:30 - 8:30 | 16 |
| YES MAN | kl. 6 - 8D - 10:20D | 7 |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| YES MAN DIGTAL | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| THE SPIRIT DIGTAL | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6 DIGTAL-3D | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6 DIGTAL-3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE CHANGELING | kl. 8 | 16 |
| YES MEN | kl 8 - 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ROCKNROLLA | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| YES MAN | kl. 8 - 10:20 | 7 |


# Þungarokkarar í undankeppni

Í ár verður í fyrsta sinn haldin á Íslandi undankeppni fyrir alþjóðlegu hljómsveitakeppnina Wacken Metal Battle. Wacken er nafn á smábæ í Norður-Þýskalandi sem á hverju sumri umturnast í einn allsherjar þungarokksbæ þegar Wacken:Open:Air-hátíðin er haldin, fyrstu helgina í ágúst.

Tuttugu þjóðir halda undankeppnir í sínu landi í ár og fær sigursveit hvers lands fyrir sig þátttökurétt í lokakepninni sjálfri á Wacken- hátíðinni. Sigursveitin fær í verðlaun útgáfusamning og hljóðfæri.



**TÝR** Færeyska þungarokksveitin Týr hefur komið fram á Wacken-hátíðinni sem er haldin í Þýskalandi ár hvert.

„Þetta er ekki „mainstream“-hátíð, heldur frekar hátíð sem grúskarar fara á,“ segir Þorsteinn Kolbeinsson hjá Restingmind Concerts sem stendur fyrir undankeppninni. Flestar hljómsveitanna sem spila þar eru ekki þekktar meðal almennings en þó hafa stigið á svið sveitir á borð við Whitesnake, Motörhead og hin færeyska Týr. Venjulega sækja um sjötíu þúsund manns hátíðina ár hvert.

Sigurvegarar undankeppna eru valdir af dómnefnd og meðal dómara á Íslandi verður blaðamaður frá Hollandi sem skrifar fyrir stærsta þungarokkstímarit Beneluxlandanna, Aardschok magazine. Hann rekur einnig eigin bókunar- og umboðsskrifstofu.

Umsóknarfrestur rennur út 1. febrúar og verður undankeppnin líklega haldin í apríl. Hljómsveitir sem vilja taka þátt geta sent inn disk með upplýsingum um sig ásamt ljósmynd á netfangið thorsteinnk@hive.is. - fb



**HEILLAR ALLA** Sólskinsdrengurinn Keli virðist eiga upp á pallborðið hjá íslenskum almenningi um þessar mundir. Hann heillaði í það minnsta Vigdísi Finnbogadóttur auðveldlega upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# KELI SLÆR JÓNI PÁLI VIÐ

**Heimildarmynd Friðriks Þór Friðrikssonar um einhverfa strákinn Kela hefur hreyft við þjóðinni. Mamma Kela segist vera endurnærð eftir þriggja ára törn.**

Sólskinsdrengurinn, heimildarmyndin um Kela, er á góðri leið með að verða aðsóknarmesta íslenska heimildarmyndin frá upphafi. Alls sáu 3.596 myndina fyrstu sýningarhelgina og sló Sólskinsdrengurinn þar með met heimildarmyndarinnar Þetta er ekkert mál sem fjallaði um ævi og starf kraftlyftingamannsins Jóns Páls Sigmarssonar. Tæplega þrjú þúsund sáu hana fyrstu sýningarhelgina. Blindsker, heimildarmyndin um Bubba Morthens, átti metið þar áður en fimmtán hundruð manns sáu hana fyrstu sýningarhelgina og alls lögðu átta þúsund gestir leið sína í kvikmyndahúsin til berja sögu kóngsins augum. Tólf þúsund sáu myndina um Jón Pál.

„Þetta er náttúrulega bara ótrúlegt. Ég er eiginlega orðlaus,“ segir Margrét Dagmar Ericsdóttir, mamma Kela. Fréttablaðið hafði heyrt tölur um að yfir tólf þúsund miðar hefðu verið seldir í forsölu en Margrét vildi ekki staðfesta neitt í þeim efnum. Sagði áhugann gefa það hins vegar sterklega í skyn að fólk væri reiðubúið til að hjálpa einhverfum börnum.

Svo skemmtilega vill til að þegar Margrét fór af stað með þessa hugmynd voru margir sem ráðlögðu henni að hætta bara við, fáir hefðu áhuga á heimildarmynd um einhverfu. Annað hefur komið á daginn. „Ég er búin að vera á þönum í þrjú ár og var eiginlega orðin orkulaus undir það síðasta. Þessar fréttir hafa hins vegar gefið mér aukaorku og mér líður bara eins og ég sé endurnærð,“ útskýrir Margrét og tekur fram að Keli sjálfur sé alveg himinlifandi líka.

Um þessar mundir er unnið að því að koma kvikmyndinni yfir á ensku og fá hana sýnda í erlendum kvikmyndahúsum. Margrét segir hins vegar ekkert ákveðið í þeim efnum, ekki hafi einu sinni verið tekin ákvörðun um hvort hún lesi inn á myndina eða hvort fengin verði til þess enskumælandi leikkona. Sjálf segist hún þó þurfa að sjá myndina aftur. „Já, þessir fjóru sleepyte-bollar sem ég fékk mér fyrir frumsýninguna voru aðeins of mikið af hinu góða.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Guy Ritchie í góðum gír

RocknRolla segir frá glæpakóngnum Lenny sem ræður ríkjum í undirheimum Lundúna, og er nú við það að landa stórri peningaupphæð frá rússneskum auðjöfri. Málin flækjast hins vegar þegar tveir smáþjófar ræna öllu fénu, auk þess að Lenny týnir einu lukkumálverki sem Rússinn lánaði honum um hríð – úr verður atburðarás sem tekur sífellt óvæntari stefnu.

RocknRolla er nýjasta mynd breska glæpamyndasmiðsins Guy Ritchie, sem kom sterkur inn fyrir rúmum áratug með Lock Stock and Two Smoking Barrels og Snatch. Eftir það missti hann þó heldur betur þráðinn, með Madonnu-myndinni Swept Away sem var rökkuð niður, auk síðustu myndar hans Revolver sem var nær óskiljanleg þvæla.

Það er því gleðiefni að Ritchie sé kominn aftur í góðan gír með mynd sem er í anda hans bestu verka. RocknRolla er hraðskreið og skemmtileg, hreinræktuð glæpamynd sem er mjög flott og fyndin. Söguþráðurinn hefur að geyma ótalmargar sniðugar flækjur og tilviljanir, sem þó verða aldrei að allt of flóknum graut, líkt og gerist oft í síðri myndum. Myndin er full af frábærum karakterum og harðjaxlasetningum, líkt og Ritchie er lagið, og góður hápunktur myndarinnar er eitt langt, kostulegt hasaratriði upp úr henni miðri.

Ritchie hefur svo safnað saman góðum hópi leikara þar sem fremstir í flokki fara Gerard Butler, Tom Wilkinson, Thandie Newton, Mark Strong (úr Body of Lies) og Jeremy Piven, auk margra annarra. Butler fer vel með helsta hlutverkið, Wilkinson fer á kostum sem glæpakóngurinn og Strong sýnir á ný að hann er upprennandi stórleikari.

Hrjái eitthvað RocknRolla er það kannski það að hún er einum of löng og hnýtir lausa enda að lokum aðeins of vel. En myndin er þrátt fyrir það stórskemmtileg glæpamynd og aðdáendur Ritchies geta tekið gleði sína á ný.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**RocknRolla**

Leikstjóri: Guy Ritchie. Aðalhlutverk: Gerard Butler, Tom Wilkinson, Thandie Newton, Jeremy Piven og fleiri.

★★★★

Hröð, flott og fyndin gamanmynd.

# ALLTAF BETRA VERÐ



## CREATIVE ZEN
**2GB ZEN V MP3 SPILARI**

Svartur 2GB MP3 spilari með upplýsingaskjá

**9.990**



## SLINGBOX SOLO

Fjarstýrðu sjónvarpsaðgangi þínum með fartölvu eða farsíma óháð staðsetningu. Þannig getur þú séð sjónvarps- og gervihnattaútsendingar eða myndir af DVD spilaranum þínum hvar sem er.

**19.990**




## 640GB MY BOOK OG WD TV SPILARI

Nú færð þú MyBook flakkara með 640GB hörðum disk og WD TV sem er nýr 1080p HD margmiðlunarspilari með tengikví, gerir þér kleift að nota USB flakkarann til að spila allar tegundir kvikmynda frá AVI til MKV háskerpumynda, alla tónlist og styður SRT texta. Allt þetta færð þú á frábæru verði í Tölvulistanum

**49.990**




## OLYMPUS FE20

8.0MP, 3x Optical Zoom, 36-108mm, 2.5" LCD skjár

**18.990**




## ACER EXTENSA 5220-1A1G12MI

1.73GHz Intel Celeron Dual-Core T1400 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 120GB SATA harður diskur • DVD±RW skrifari • 15.4" LCD CrystalBrite skjár Intel GMA X3100 skjákort • Hljóðkerfi með 2 hátölurum • Gigabit 10/100/1000 netkort • Li-ion rafhlaða • Windows Vista Home Basic stýrikerfi

**99.990**



## LOGITECH Z-E3

Logitech

Hátalarakerfi með 2 40W RMS hátölurum og bassaboxi

**19.990**




## 22" ACER V223WBD

22" skjár, 1680x1050 dpi, 2500:1 í skerpu og 5ms

**36.990**




## LOGITECH CLEARCHAT

Flott heyrnartól með hljóðnema frá Logitech, USB tengi

**9.990**




## 24" 2493HM SAMSUNG

24" skjár, 1920x1200 dpi, 10.000:1 í Dynamic skerpu, 5ms

**79.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.




N1-DEILD KVENNA: FRAMSTÚLKUR ÁTTU ALDREI MÖGULEIKA GEGN SPRÆKU LIÐI STJÖRNUNNAR

# Framstúlkur flengdar á heimavelli

Stjarnan vann ótrúlegan yfirburðasigur á Fram, 23-33, í Safamýri í gær. Þessi tvö lið börðust um titilinn í fyrra en það er himinn og haf á getu liðanna í dag ef mið er tekið af leik liðanna í gær.

„Ég bjóst við allt öðrum leik. Fram er búið að endurheimta sína menn úr meiðslum og vann sannfærandi sigur í síðasta leik. Ég bjóst því við mjög erfiðum leik en mínar stelpur voru heldur betur klárar í slaginn,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, afar kátur í leikslok.

Stjarnan átti leikinn frá upphafi. Komst fljótt í 1-8 og þá var leiknum nánast lokið. Þær leiddu með ellefu mörkum, 7-18, í hálfleik og síðari hálfleikur formsatriði. Framstúlkur voru í tómu rugli í þessum leik. Varnarleikurinn arfaslakur, sóknarleikurinn glæpsamlega lélegur og andleysið algjört.

**sport**
sport@frettabladid.is



Þess utan er liðið rúið sjálfstrausti og hafði enga trú á því sem það var að gera í gær.

„Þetta er ekki sama liðið og í fyrra. Ekki sami mannskapur alveg en ég ætla ekki að afsaka það þannig. Liðið hefur bara ekki smollið saman í vetur. Mér fannst stemningin fín fyrir leik en svo sá maður strax í upphafi að það hafði engin trú á þessu verkefni,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, svekktur.

Stjörnustelpur voru virkilega flottar í gær. Mikill kraftur í liðinu, hraði og áræðni. Sjálfstraust og leikgleði geislaði af liðinu sem spilaði fína sókn og afar öfluga vörn gegn ráðþrota Framliði.

„Við lögðum áherslu á að byrja vel og það gekk upp. Það er ótrúleg samheldni í þessum hóp og stelpurnar í fínu standi þrátt fyrir mikið álag. Sóknarleikurinn var frábær í dag, skorum nánast í hverri sókn og varnarleikurinn það góður að Flora þurfti lítið að verja,“ sagði Atli. - hbg

# Á fullt erindi í byrjunarliðið

**Veigar Páll Gunnarsson er byrjaður að æfa af krafti með Nancy Lorraine eftir mánaðarfrí frá boltanum og líst afar vel á framtíð sína hjá franska félaginu.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjinn Veigar Páll Gunnarsson var loks kynntur til sögunnar sem nýr leikmaður Nancy Lorraine um helgina en franska félagið gekk sem kunnugt er frá kaupunum á honum frá norska félaginu Stabæk um miðjan desember. Veigar Páll er því búinn að mæta á nokkrar æfingar og líst strax vel á sig í Frakklandi en viðurkennir þó að hann eigi enn töluvert í land með að komast í sitt besta leikform á ný eftir langt jólafrí.

„Þetta hefur farið ótrúlega vel af stað og það var tekið vel á móti mér og fjölskyldu minni. Við búum reyndar enn á hóteli en erum að leita okkur að hentugu húsnæði. Ég er bara nýbyrjaður að æfa með Nancy eftir að vera í rúmlega mánaðarfríi frá því að snerta fótbolta og er bara búinn að fara á þrjár æfingar, þar af tvær fótboltaæfingar. Það er reyndar búið að ganga vel hjá mér á þessum æfingum. Þjálfararnir sýna því skilning að ég þurfi að koma mér aftur í leikform og venjast hlutunum hérna úti og þeir eru búnir að láta mig vita að ég muni fá tíma til þess og það er mjög þægilegt að vita það. Ég er því bara bjartsýnn á framhaldið,“ segir Veigar Páll.



**LÍST VEL Á SIG HJÁ NANCY** Veigar Páll Gunnarsson er ánægður með móttökurnar hjá Nancy og lítur björtum augum á framtíð sína hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Veigar Páll skrifaði undir þriggja og hálfs árs samning og telur sig fyllilega getað fest sig í sessi í byrjunarliði franska félagsins en ætlar að bíða með að setja sér einhver markmið strax áður en hann lærir almennilega á liðið og deildina.

„Nancy er með rosalega góðan leikmannahóp en ég tel mig eiga fullt erindi í byrjunarliðið. Maður verður bara að sanna sig og standa sig vel og þá hugsa ég að tækifærið til þess komi. Þó svo að leikformið sé ekki upp á sitt besta enn þá líður mér vel og á eflaust eftir að líða enn betur þegar ég er kominn í hundrað prósent leikform. Ég hugsa að það taki alltaf smá tíma til þess að kynnast frönsku deildinni og meðspilurum mínum og þá strax á næstu leiktíð get ég farið að setja mér einhver markmið með markaskorun og annað.“

Veigar Páll er heldur ekkert smeykur við franska tungumálið eftir að hafa rúllað upp norskunni á meðan hann lék með Strömgodset og Stabæk í Noregi.

„Ég held að það sé lífsnauðsynlegt að ég læri frönsku almennilega þar sem Frakkarnir eru ekkert að fara að leggja fyrir sig enskuna. Það verður líka bara gaman að ná frönskunni á hreint á meðan maður er hérna úti og ætli ég geti ekki farið að tala eitthvað og skilja málið eftir svona eitt ár,“ segir Veigar Páll. omar@frettabladid.is

Njarðvík fjórða liðið í undanúrslit Subway-bikarsins:

# Í Höllina með heimaleik

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar voru í gær fjórða og síðasta liðið til þess að tryggja sér sæti í undanúrslitum Subway-bikars karla þegar þeir unnu fimmtán stiga sigur á 1. deildarliði Hauka, 67-52, í Ljónagryfjunni.

Haukarnir héngu í heimamönnum fram eftir leik og munaði aðeins þremur stigum fyrir lokaleikhlutann en Njarðvík var þá 53-50 yfir. Njarðvík gerði síðan út um leikinn með góðum spretti í fjórða leikhluta.

Magnús Þór Gunnarsson kom aftur inn í Njarðvíkurliðið eftir leikbann og var besti maður liðsins með 25 stig og sjö þriggja stiga körfur. „Þetta var engin spurning þótt munurinn hefði ekki verið mikill lengstum. Það góða við þennan leik er að þeir skora bara 62 stig. Þótt þetta sé 1. deildarlið þá er þetta ágætislið og við vorum að spila fína vörn í þessum leik,“ sagði Magnús en honum líst vel á framhaldið. „Það



**LOGI GUNNARSSON** Átti fínan leik hjá Njarðvíkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hefur gengið ýmislegt á í vetur en staðan á liðinu er flott. Við komust núna í fjögurra liða úrslit í bikar og það er þar sem við viljum vera. Vonandi fáum við heimaleik því þá erum við komnir í Höllina,“ sagði Magnús en Njarðvík verður í pottinum ásamt KR, Grindavík og Stjörnunni en það verður dregið klukkan tvö í dag. - óój

## N1-deild kvenna:

**Fram-Stjarnan** **23-33 (7-18)**

**Mörk Fram (skot):** Marthe Sördal 4 (6), Karen Knútsdóttir 4 (8), Stella Sigurðardóttir 4 (11), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3/2 (7/2), Elísa Viðarsdóttir 2 (2), Sara Sigurðardóttir 2 (3), Hildur Knútsdóttir 1 (1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (4), Anna Gunnlaug Friðriksdóttir 1 (1), Pavla Nevarilolva 1 (4).

**Varin skot:** Sunneva Einarsdóttir 10/1, Brynja Þorsteinsdóttir 1.

**Hraðaupphlaup:** 4 (Þórey, Karen, Stella, Elísa).

**Fiskuð víti:** 2 (Pavla 2).

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Alina Petrache 10/4 (17/5), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 7 (10), Elísabet Gunnarsdóttir 5 (6), Sólveig Lára Kjærnested 4 (5), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (5/1), Kristín Clausen 2 (4), Hildur Harðardóttir 1 (3/1), Indíana Jóhannsdóttir 1 (1), Þorgerður Atladóttir 1 (2).

**Varin skot**: Florentina Stanciu 14, Sólveig Björk Ásmundsdóttir 2.

**Hraðaupphlaup:** 8 (Elísabet 2, Kristín 2, Sólveig, Alina, Hildur, Aðalheiður).

**Fiskuð víti:** 7 (Þorgerður 4, Harpa 2, Elísabet).

## Subway-bikar karla:

**Njarðvík-Haukar** **77-62 (38-29)**

Stig Njarðvíkur: Magnús Þór Gunnarsson 25 (8 frák. 4 stoðs.), Hjörtur Hrafn Einarsson 18, Logi Gunnarsson 16, Friðrik Stefánsson 5, Valur Valsson 4, Elías Kristjánsson 4, Ágúst Dearborn 3, Hilmar Hafsteinsson 2.

Stig Hauka: Sveinn Sveinsson 20, Lúðvík Bjarnason 11, George Byrd 10 (9 frák.), Gunnar Magnússon 6, Óskar Magnússon 5, Helgi Björn Einarsson 3, Gunnar Birgir Sandholt 3, Bjarni Árnason 3, Jóhannes Jóhannesson 1.



ÓDÝRT Í HAGKAUP
EURO SHOPPER
369 kr/pk brokkolí blanda
159 kr/pk Maískorn
169 kr/pk Mini gulrætur
169 kr/pk Maísstönglar
308 kr/pk Kartöflu bátar
1.415 kr/pk Kjúklingabringur
469 kr/pk Jarðarber
89 kr/stk Bakaðar baunir
159 kr/stk Sveppir í sneiðum
208 kr/pk Maískorn 3 stk. í pk.
259 kr/pk Ananas 3 stk. í pk.
158 kr/stk Ávaxtasafi
369 kr/pk Hindber
369 kr/stk Kakómalt
158 kr/pk Steiktur laukur
169 kr/pk Sósur
155 kr/stk Túnfiskur í olíu/vatni
89 kr/stk Kattamatur
108 kr/pk Hrískökur
159 kr/pk Kex
308 kr/pk Marsipankökur
208 kr/pk Appelsínukex
148 kr/pk Súkkulaðibitakökur
148 kr/pk Súkkulaðikex
239 kr/pk Kartöfluflögur
409 kr/stk Marsipan
139 kr/stk Suðusúkkulaði
129 kr/pk Saltstangir
149 kr/pk Hvítlauksbaguette
148 kr/pk Súkkulaðikremkex
208 kr/pk Spaghetti
239 kr/pk Tagliatelle
199 kr/stk Pastasósa
208 kr/pk Kaffifilter
269 kr/pk Strásæta
167 kr/pk Sykur
869 kr/pk Bleiur
249 kr/pk Blautklútar
469 kr/pk Uppþvottatöflur
159 kr/pk Hreingerningasvampar
269 kr/pk Eldhúsrúllur
229 kr/pk Bréfklútar
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> **Camryn Manheim**

„Ekki bæla niður það sem þú hefur þannig að það brjóti niður anda þinn. Meðtaktu það heldur og elskaðu sjálfa þig.“

Manheim leikur Delia Banks í þættinum Ghost Whisperer sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** HORFÐI Á GOLDEN GLOBE-HÁTÍÐINA

## *Eins og unglingar á fimmtugsaldri*

Ekkert gat komið í veg fyrir að Golden Globe-hátíðin yrði haldin hátíðleg í Hollywood aðfaranótt mánudags. Fyrir löngu var búið að leysa úr verkfalli handritshöfunda og þess vegna ekkert til fyrirstöðu hjá bransafólkinu að sýna sig og sjá aðra.

Allt fór þetta fram í beinni útsendingu og eins og gefur að skilja voru stjörnurnar búnar að punta sig í botn til þess að líta sem best út fyrir framan sjónvarpsvélarnar. Demi Moore, sem verður 47 ára á árinu, steig á svið og leit út fyrir að vera ekki deginum eldri en 25 ára. Hefði hún þess vegna getað verið stóra systir dóttur sinnar, Rumer Willis, sem stóð reyndar eins og illa gerður hlutur uppi á sviðinu alla hátíðina.

Tom Cruise, sem er jafngamall Demi, virkaði miklu frekar um þrítugt, bæði sólbrúnn og með skjannahvítar tennur og Cameron Diaz leit út eins og barbídúkka, rétt eins og fyrir tíu árum. Sömu sögu mátti segja um marga aðra leikara þarna.



Þegar sviðsljósið beindist síðan að leikstjórunum var aftur á móti allt annað uppi á teningnum, kannski skiljanlega. Þrátt fyrir að vera aðeins átta árum eldri en Demi og Tom leit Ron Howard út fyrir að vera alla vega þrjátíu árum eldri með sinn ósnyrta, sköllótta haus og þarna var líka Steven Spielberg með sitt gráa skegg og hárið sem var tekið að þynnast.

Þess vegna virkuðu leikstjórarnir frekar á mann eins og raunverulegar persónur af holdi og blóði sem eru ekki ofurseldar útlitsdýrkun Hollywood-leikaranna, sem hræðast það mest af öllu að eldast. Leikstjórar eru þannig frjálsari og geta gert það sem þeim sýnist án þess að nokkur kippi sér upp við það.

**DEMI MOORE** Þó að Demi verði 47 ára á árinu lítur hún út fyrir að vera tuttugu árum yngri.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.05 Mannamál** STÖÐ 2



▶ **19.50 Man. Utd. - Wigan, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10 90210** SKJÁREINN



▶ **20.30 Smallville** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.10 Kiljan** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (44:52)

**17.55 Gurra grís** (71:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bráðavaktin** (ER) (9:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum – Kristina Jansson** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award-samsýningunni 2008.

▶**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Borgarafundur í Háskólabíói** Upptaka frá opnum borgarafundi sem haldinn var í Háskólabíói í Reykjavík á mánudagskvöld. Frummælendur voru Robert Wade, Raffaella Tenconi, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur og Herbert Sveinbjörnsson.

**00.20 Kastljós** (e)

**01.00 Lögin í Söngvakeppninni**

**01.10 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Zathura: A Space Adventure**

**10.00 Invincible**

**12.00 Surviving Christmas**

**14.00 Night at the Museum**

**16.00 Zathura: A Space Adventure**

**18.00 Invincible** Sannsöguleg mynd um Vince sem tekur djarfa ákvörðun um að þreyta inntökupróf hjá uppáhaldsliði sínu í ameríska fótboltanum.

**20.00 Surviving Christmas**

**22.00 The Murder of Princess Diana**

**00.00 Tremors**

**02.00 Breathtaking**

**04.00 The Murder of Princess Diana**

**06.00 Break a Leg**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (230:300)

**10.15 Beauty and The Geek** (10:13)

**11.15 The Celebrity Apprentice** (12:13)

**12.00 Project Runway** (9:15)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (21:28)

**13.55 E.R.** (19:25)

**14.45 Ghost Whisperer** (50:62)

**15.35 Leðurblökumaðurinn**

**15.58 BeyBlade**

**16.23 Ofurhundurinn Krypto**

**16.48 Gulla og grænjaxlarnir**

**16.58 Ruff's Patch**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.50 Ísland í dag**

▶**19.05 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar á mannamáli.

**19.45 The Simpsons** (9:23) Hómer tekur á honum stóra sínum þegar hann er ráðinn sem lífvörður Quimbys bæjarstjóra.

**20.10 Gossip Girl** (16:18)

**20.55 Ghost Whisperer** (57:62) Þriðja þáttaröðin um Melindu Gordon sem er í nánu sambandi við hina framliðnu.

**21.40 Weeds** (2:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.

**22.10 Oprah**

**22.55 Sex and the City** (2:12)

**23.20 E.R.** (19:25)

**00.05 Cold Case** (2:23)

**00.50 Once Upon a Mattress**

**02.20 Locusts: The 8th Plague**

**03.45 Crossing Jordan** (7:17)

**04.30 Gossip Girl** (16:18)

**05.15 The Simpsons** (9:22)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Bristol City - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**17.00 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**17.30 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktum PGA-mótaraðarinnar í golfi.

**18.25 Bristol City - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**20.05 Southend - Chelsea** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**22.05 Barcelona - Atl. Madrid** Útsending frá leik í spænska bikarnum.

**23.45 NBA Action** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**00.15 Southend - Chelsea** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.15 Middlesbrough - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.25 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**18.55 Premier League Review** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

▶**19.50 Man. Utd. - Wigan** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**23.00 Leikur vikunnar**

**00.40 Man. Utd. - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Top Design** (2:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. (e)

▶**20.10 90210** (2:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie hættir með kærastanum í Kansas og er strax komin með annan í sigtið. Sá er forríkur og þykir flottasti strákurinn í skólanum. Á sama tíma er Dixon að reyna að hjálpa strákunum í lacrosse-liðinu að ná fram hefndum gegn erkióvinunum.

**21.00 Britain's Next Top Model** (1:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon.

**21.50 CSI: Miami** (14:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Brúður er myrt í sínu eigin brúðkaupi og rannsóknin teygir anga sína inn á nektardansstað. Íslendingurinn Egill Örn Egilsson leikstýrir þættinum..

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (14:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**
**Gossip Girl**



Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og fremst um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hverju eigi að klæðast í næsta glæsipartíi. Gömul vinkona Serenu hótar að ljóstra upp leyndarmáli úr fortíð hennar, en það verður ekki eina leyndarmálið sem kemur upp á yfirborðið hjá vinahópnum í kvöld.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Britain's Next Top Model – nýtt**
**Skjár einn kl 21.00**

Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon. Þrettán stúlkur hefja leikinn og dramatíkin hefst strax í fyrsta þætti. Stúlkurnar þurfa að fækka fötum fyrir myndatöku í iskulda og komast fjótt að því að leiðin á toppinn er ekki auðveld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Gæludýrin
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (102:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (103:260)
**17.00 Seinfeld** (3:24)
**17.30 Smallville** (20:20)
**18.15 Chubby Children** (1:6)
**19.00 Hollyoaks** (102:260)
**19.30 Hollyoaks** (103:260)
**20.00 Seinfeld** (3:24) Jerry býr sig undir það að verða reiður fyrir hönd vinkonu sinnar, Georg lendir í því að selja tölvur fyrir föður sinn og Elaine bjargar sér undan Lippman-feðgunum.
▶**20.30 Smallville** (20:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
**21.15 Chubby Children** (1:6) Bresk þáttaröð um yfirvigt barna sem er ört vaxandi vandamál í Bretlandi og víða um heim. Paul Gately er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna og heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti. Markmið hans er að breyta hugsunarhætti og lífsmunstri þeirra svo að börnin fái heilbrigðari og bjartari framtíð.
**22.00 Burn Notice** (6.13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem er ekki lengur treystandi.
**22.45 Rescue Me** (5.13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur.
**21.00 Kolfinna** Baráttukonan ætlar í fremstu fylkingu vinstri manna og tekur vikulega á málum, harðsnúin og skelegg með vestfirskum hreim.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi stýrir þætti um borgarmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Kender du typen? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Svampebob Firkant **16.25** F for Får **16.30** SYV **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **22.15** Onsdags Lotto **22.20** OBS **22.25** Hercule Poirot. Barsk begravelse

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Vår aktive hjerne **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Typisk norsk **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slepp grannane laus **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.35** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** E6 - En reise gjennom nordmenns liv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Plutselig rik **22.45** Lov og orden. New York **23.30** Life on Mars

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Solens mat **11.35** Lysande utsikter **13.30** Den engelske kirurgen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Lukten av Indien **16.25** Inför Idrottsgalan 2009 **16.30** Skidskytte **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Solen i ögonen - en film om Lars Winnerbäck **21.00** The Tudors **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Mästarnas mästare **23.10** Nästan en ambassad **23.40** Sändningar från SVT24


Fiskikóngurinn

Við ætlum okkur að selja 3 tonn í dag

ATH!

Tilboðið gildir aðeins í dag.




20 ára gamalt verð

Fiskfars

349 kr.kg

20 ára gömul uppskrift

Gott er að búa til fiskibollur og steikja á pönnu. Ef mikið magn er steikt er gott að setja í frystikistuna. Þegar fiskibollurnar eru teknar úr frosti þá bragðast þær eins og nýjar, þá þarf aðeins að hita þær í ofni 200 gr. c.a 15 mín.




Nýtið tækifærið og fáið hollann og góðan mat á ótrúlegu verði.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## MORGUNMATURINN



*„Núna er maður kominn í ræktina þannig að ég fæ mér góðan heilsuhristing í „blender“ sem ég mauka úr frosnum ávöxtum og einhverju fleiru hollu. Þetta er hressandi, kalt og ferskt.“*

Jón Ólafsson tónlistarmaður



**LÁRÉTT 2.** viðlag, **6.** frá, **8.** kæla, **9.** reglur, **11.** gjaldmiðill, **12.** kompa, **14.** eggjarauðu, **16.** málmur, **17.** borg, **18.** þrot, **20.** óhreinindi, **21.** kvk. spendýr.

**LÓÐRÉTT 1.** steintegund, **3.** golf áhald, **4.** inúíti, **5.** fley, **7.** litur, **10.** hlaup, **13.** yfirgaf, **15.** formóðir, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** af, **8.** ísa, **9.** lög, **11.** kr, **12.** kleif, **14.** blóma, **16.** ál, **17.** róm, **18.** mát, **20.** ím, **21.** urta.

**LÓÐRÉTT: 1.** talk, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** fölblár, **10.** gel, **13.** för, **15.** amma, **16.** ámu, **19.** tt.






# Grease sett upp í þriðja sinn í sumar

„Þetta er söngleikurinn sem neitar að deyja. Ekki síst nú í þessu nostalgíu-flippi sem engan enda virðist ætla að taka eins og Mamma Mía! er gott dæmi um,“ segir Bjarni Haukur Þórsson.

Bjarni Haukur vinnur nú að endurreisn Loftkastalans og ber hinn virðulega titil leikhússtjóri. Hann undirbýr nú uppsetningu á söngleiknum Grease og er þetta í þriðja skipti sem hann er settur upp hér á landi. Bjarni hefur þegar ráðið leikstjóra, Selmu Björnsdóttur, sem Bjarni Haukur segir að sé komin með meistarapróf í Grease. „Hún lék Sandy í Grease árið 1998 þar sem hún kynntist honum Rúnari sínum [Frey Gíslasyni leikara] sem hún heldur enn í, er búin að giftast og eignast með börn. Ég framleiddi Grease árið 2003, þá með þeim Birgittu Haukdal og Jónsa í aðalhlutverki. Selma kom einnig þar við sögu. Og núna er ætlunin að setja Grease á svið með nýjum stjörnum,“ segir Bjarni Haukur sem boðar áheyrnarprufur í febrúar. Frumsýning er fyrirhuguð í lok maí eða í byrjun júní. Sumarsýningar hafa oft gefist vel á Íslandi og Bjarni vonar að það sé þakklátt nú þegar einsýnt er að hér verður, svo dæmi sé tekið, ekkert offramboð á tónleikum erlendra tónlistarmanna að teknu tilliti til fárveikrar krónu.

Ljóst er að í mörg horn er að líta hjá Selmu Björnsdóttur. Hún er nú á kafi í Idolinu, sem Bjarni Haukur sér sem kost, („Selma fylgist grannt með hæfileikafólki fyrir Grísinn,“) auk þess sem hún leikstýrir Kardimommubænum í Þjóðleikhúsinu. Frumsýning þar verður í febrúar og þá einhendir hún sér í uppfærslu á Grease. **- jbg**



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Komin með meistaragráðu í söngleiknum Grease sem hún ætlar nú að leikstýra.



**BJARNI HAUKUR** Ætlar að setja upp sumarsýningu í Loftkastalanum og veðjar á Grease.

**ÓMAR ÓMAR:** NÝTT SVÆÐI FYRIR GRAFFARA LÍKLEGA TEKIÐ Í NOTKUN

# Barátta gegn veggjakroti skilar verðlaunatilnefningu

Alþjóðasamtök miðborgarstjórna – ATCM – hefur tilnefnt Reykjavík til verðlauna fyrir árangur í baráttu gegn veggjakroti með tilheyrandi eignaspjöllum. Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra sem stödd er úti í Noregi en miðborgarstjóri er Jakob Frímann Magnússon sem fagnar þessu. Hann segir tilnefninguna einkum að þakka stefnu borgarstjóra og borgaryfirvalda sem hafa fylgt þeirri sannfæringu að breyta ásýnd miðborgarinnar með sýnilegum hætti.

Samtökin ATCM eru hin stærstu sinnar tegundar í heiminum og telja hundruð borga um víða veröld: Tókýó, Washington DC og Ósló. Höfuðstöðvar samtakanna eru í London. Starfsemin beinist helst að miðborgarmálum og því að stuðla að hreinni, öruggari og menningarlegri borgarkjörnum. Reykjavík er tilnefnd fyrir árangur í að draga úr veggjakroti en aðrar borgir í sama flokki tilnefndar eru Leeds, Rochdale, Dublin og Belfast.

Jakob nefnir atfylgi sjálfboðaliðasamtaka á borð við Vaktina, Veraldarvini og Græna herinn. „Þá höfum við náð ágætri sátt og samstarfi við veggjakrotara til dæmis með því að viðurkenna tilvist og tilverurétt þessa geira menningarinnar og finna ásættanlega staði fyrir metnaðarfull verk þeirra.“

Sá sem fer fyrir hópi „graffara“ eða graffití-listamanna er Ómar Ómar – sem reyndar hefur ekki snert brúsa árum saman en er áhugamaður um fyrirbærið. Hann hefur átt í góðu samstarfi við Jakob Frímann um lausn á stríði borgaryfirvalda við veggjakrotara. Ómar Ómar segir liggja fyrir jákvæð afstaða um að svæði hjá Loftkastalanum verði aðgengilegt gröffurum. „Þetta er rétt skref og eðlilegt. Við mætumst á miðri leið,“ segir Ómar Ómar. Veggjakrot gengur að einhverju leyti út á að brjóta ramma en Ómar Ómar segir á engan hátt verið að múlbinda graffití-listamenn. En hann leitar nú eftir samstöðu innan þess hóps.

**jakob@frettabladid.is**



**NÝTT SVÆÐI FYRIR GRAFFARA** Ómar Ómar fagnar því að graffarar fái nú sérstakt svæði undir list sína sem verður vestur í bæ við Loftkastalann.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**JAKOB HE-MAN TEKUR TIL** Verðlaunatilnefningin kemur á besta tíma, eftir hvítþvott í Áramótaskaupi.
TEIKNING/HUGLEIKUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Þráinn Steinsson**, aðaltæknimaður Bylgjunnar, oftast kallaður Tæknitröllið í sínum hópi, hélt upp á fertugsafmæli sitt með látum á heimili sínu um síðustu helgi. Þráinn er enda vinsæll maður og voru margir til að fagna með afmælisbarninu. Hljómsveit kom og skemmti í samkvæminu og fyrir henni fór **Ólafur Teitur Guðnason** fyrrum blaðamaður en nú hljómsveitartöffari og talsmaður Alcoa. Ólafur Teitur lék á gítar en auk hans voru í hljómsveitinni meðal annarra **Baldur Stefánsson** oft kenndur við GusGus en hann er sonur Stefáns Baldurssonar leikhússtjóra og spilaði Baldur á bassa en trymbill var lögmaðurinn **Heimir Örn Herbertsson**.



Leiksýningin Þú ert hér verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu undir lok mars. Sem þykir kannski ekki frásögur færandi nema að sýningin átti upphaflega að fjalla um málefni útlendinga en hefur nú verið breytt. Í staðinn mun hún taka á gamla góða góðærinu og skelfilegum afleiðingum þess. Hópurinn **Mindgame** stendur fyrir sýningunni og ætla þeir félagar að blása til sérstakrar söfnunar á laugardaginn í Borgarleikhúsinu frá tvö til fjögur. Þar getur fólk komið með flatskjái, bankayfirlit frá gömlu bönkunum og hluti sem þeir fengu frá fjármálafyrirtækjum á tímum góðærisins en hugmyndin er að nota þá í sýningunni. **-jbg, fgg**








# Styr um frétt í Séð og heyrt

„Ég get staðfest að tilraun var gerð til að stöðva dreifingu á Séð og heyrt í gær [mánudag],“ segir Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt.

Nokkurt uppþot varð í tengslum við frétt blaðsins sem finna má í nýjasta tölublaði – sem þó fór í dreifingu samkvæmt venju. Lögmaður hafði skrifað beiðni um að lögbann yrði sett á dreifingu tímaritsins en eftir talsvert þref milli Eiríks og þess sem hlut átti að máli náðist samkomulag og var horfið frá því að sýslumaður tæki málið fyrir. „Viðkomandi féll frá þessu þegar honum varð ljóst hvert raunverulegt innihald fréttarinnar var. Hann hélt að þetta væri verra,“ segir Eiríkur en vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Um er að ræða frétt blaðsins Séð og heyrt um Matthías Imsland, forstjóra Iceland Express. Matthías segir um misskilning að ræða og ekki hafi verið farið fram á lögbann á dreifingu blaðsins. „Að öðru leyti er ekkert meira um það að segja,“ segir Matthías Imsland. **- jbg**



**MATTHÍAS IMSLAND** Forstjórinn vill sem minnst um málið tala.

**EIRÍKUR JÓNSSON** Segir að reynt hafi verið að stöðva dreifingu blaðsins Séð og heyrt.



Tvöfaldur pottur 2

# 330 milljónir

200 + 130

1. vinningur

## Kastaðu þér á milljónamiða, núna!

Potturinn stefnir í 200 milljónir.
Ofurpotturinn stefnir í 130 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 17 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SÍA / NM36613

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé


## *Óvissuástand*

Í dag eru 100 dagar liðnir síðan Geir H. Haarde bað guð að blessa íslensku þjóðina með þeim afleiðingum að henni rann kalt vatn milli skinns og hörunds. Síðan þá hafa ráðamenn unnið að björgun íslensks efnahagslífs – vonar maður. Óneitanlega hefur ýmsu verið áorkað og telja margir það afrek út af fyrir sig að hægt hafi verið að halda úti einhverri bankastarfsemi í því ástandi sem hér hefur ríkt. Óhætt er þó að fullyrða að ýmsir telji mörgum spurningum ósvarað.

**OG** það er einmitt vandamálið. Það er allt of mörgum spurningum ósvarað, allt of margt er enn á huldu. Óvissan er nefnilega verst af öllu. Skömmu eftir bankahrun heyrði maður fólk tala um að nú þyrfti bara að fá á hreint hver skellurinn væri; þá væri hægt að hefjast handa við að takast á við vandann. Nú, 100 dögum síðar, er þjóðin enn í fullkominni óvissu. Enn veit enginn hvar botninn er, hve djúpt við sökkvum þangað til við finnum viðspyrnuna sem nauðsynleg er til að rétta úr kútnum.

**MARGT** má segja um stjórnvöld í kreppunni, en að þau hafi verið óspör á upplýsingar til almennings verður seint sagt. Beita hefur þurft töngum til að ná upplýsingum frá stjórnmálamönnum, ráðherrar hlaupa frá blaðamönnum, bankaleynd, upplýsingaleynd, gagnaleynd – alltaf hvílir einhver leynd yfir upplýsingum. Hagsmunir þjóðarinnar eru ætíð minna metnir en einhverjir óskilgreindir hagsmunir sem krefjast leyndar.

**LEYNDIN** kallar á getgátur, getgátur á tortryggni og tortryggni á reiði. Það þarf að segja þjóðinni hver staðan er og hvað á að gera. Hvergi finnur fólk heildstætt yfirlit yfir þær aðgerðir sem grípa þarf til í kreppunni. Hvar er aðgerðamiðstöðin sem veitir fólki svörin? Fuglaflensan fékk heila heimasíðu, fuglaflensan.is, af hverju ekki kreppan? Alls staðar eru einhverjir aðilar að grípa til einhverra aðgerða, en það er vonlaust fyrir þjóðina, sem stendur á endanum undir þessu öllu, að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir.

**FYRIR** vikið finnst almenningi eins og hann sé ekki hluti af lausninni. Hann er ekki með í ráðum, fær bara tilkynningu um það eftir á hvers er krafist af honum. Því ástandi verður að breyta. Það er nefnilega ljótt að skilja út undan, sérstaklega heila þjóð.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 14. janúar, 14. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.57 | 13.37 | 16.18 |
| Akureyri | 11.03 | 13.22 | 15.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




**Gengi evru er 119 kr. hjá okkur ***
**Gerðu verðsamanburð !!**




**OPIÐ Á LAUGARDÖGUM**

**VERÐ 4.490.000,-**
VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ
www.benni.is

KYRON

Hluti af staðalbúnað:

- Mercedes Benz vélbúnaður
- Mercedes Benz sjálfskipting
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Dana - Spicer hásingar
- Þreföld C-bitagrind - Eykur styrk
- 4 Öryggisloftpúðar
- Litaðar rúður
- ABS - Hemlalæsivörn
- Álfelgur
- Þakbogar
- Hraðastillir
- Aðgerðarstýri og 6 hátalarar
- Hiti í sætum
- Þjófavörn
- Olíunotkun aðeins 8,7 l í bl. akstri

Til samanburðar við bíla með háu og lágu drifi.
Samkvæmt verði frá sölumönnum og heimasíðum umboða.



KIA Sorento
**Verð kr. 6.950.000**



Toyota Land Cruiser GX
**Verð kr. 6.790.000,-**



Nissan Pathfinder SE
**Verð kr. 8.290.000,-**

* Eigum nokkra SsangYong bíla tollafgreidda á gengi EUR 119

SSANGYONG

**Kyron** er fullvaxinn jeppi, byggður á grind og með hátt og lágt drif. Xdi túrbodíselvélin er með tvo ofanáliggjandi kambása og fjóra ventla í hverju brunahólfi. Eldsneytiskerfið er þriðju kynslóðar (Common Rail) með rafstýrðum spíssum sem ýra beint inn í brunahólfið. Vélin er áberandi hljóðlát og þýðgeng og eyðir aðeins 8,7 l á 100 km. í blönduðum akstri.
Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum. Alltaf heitt á könnunni.

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

**Bílahornið hjá Sissi** - Reykjanesbæ - Brekkustíg 38 - Sími 420 3300
**Bílasalan ÓS** - Akureyri - Njarðarnesi 1 - Sími 462 1430